

Réttindi barna á Íslandi

Barnmiðuð greining á efnislegum skorti

Réttindi barna á Íslandi

Barnmiðuð greining á efnislegum skorti

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Samantekt á helstu niðurstöðum	7
2. Aðferð og mælingar	11
3. Tómtundastarf barna	13
4. Evrópskur samanburður	18
5. Skortur barna á leikskólaaldri (1–5 ára)	21
5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?	25
Kyn	29
Búseta	30
Menntun foreldra	31
Uppruni foreldra	32
Fjöldi barna á heimili	33
Staða heimilis á húsnæðismarkaði	34
Heimilisgerð	35
Atvinnupátttaka á heimili	36
5.2 Hvað skorti börn á aldrinum 1–5 ára?	37
Næring	37
Klæðnaður	38
Menntun og umönnun	39
Proski	40
Upplýsingar	41
Húsnæði	42
6. Skortur barna á grunnskólaaldri (6–15 ára)	44
6.1 Hvað hafði áhrif á skort barna á aldrinum 6–15 ára?	47
Kyn	50
Búseta	51
Menntun foreldra	52
Uppruni foreldra	53
Fjöldi barna á heimili	54
Staða heimilis á húsnæðismarkaði	55
Heimilisgerð	56
Atvinnupátttaka á heimili	57
6.2 Hvað skorti börn á aldrinum 6–15 ára?	58
Næring	58
Klæðnaður	59
Menntun	60
Tómtundir	61
Félagslíf	62
Upplýsingar	63
Húsnæði	64
Listi yfir myndir og töflur	65
Myndir	65
Töflur	65
Viðauki 1: Barnmiðuð greining á efnislegum skorti	67
Viðauki 2: Skýringar og hugtök frá Hagstofu Íslands	71
Heimildaskrá	77

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um skort barna á efnislegum gæðum og byggir á barnmiðaðri greiningu þar sem réttindi barna eru höfð að leiðarljósi. Skýrslan veitir innsýn í aðstæður barna á Íslandi hvað tómsundur, menntun, þroska, upplýsingar, húsnæði, klæðnað og næringu varðar. Heilt yfir líða börn á Íslandi minni skort en börn í öðrum Evrópuríkjum. Engu að síður er jafnframt ljóst af niðurstöðum greiningarinnar að ójöfnuður ríkir meðal barna og að sum börn á Íslandi líða meiri skort en önnur. Nýjustu gögn greiningarinnar eru frá árinu 2018, þegar almenn velmegun ríkti aftur eftir kreppuár og minni skortur mældist á flestum sviðum en fjórum árum áður. Nú þegar búist er við öðrum öldudal í kjölfar efnahagslegs samdráttar af völdum heimsfaraldrar, er mikilvægt að læra af reynslunni og tryggja réttindi barna til lengri tíma. Niðurstöðurnar sýna hve langan tíma það tekur fyrir efnahagsleg áhrif að koma að fullu fram þegar litið er til efnislegra gæða. Það er því mikilvægt að stjórnvöld horfi til lengri tíma þegar viðbrögð við neikvæðum efnahagslegum áhrifum eru ákveðin. Þá er jafnframt áriðandi að vernda þá hópa barna sem líða fyrir verra efnahagsástand en njóta ekki góðs af efnahagslegum uppgangi í sama mæli og önnur börn.

Í niðurstöðum greiningarinnar birtist jafnframt ójöfnuður sem börn búa við á Íslandi. Hann er minni en í flestum öðrum Evrópuríkjum og gleðiefni að meirihluti barna á Íslandi líður engan skort. Alvarlegra er þó að mun líklegra er að þörfum barna í tekjulægri fjölskyldum sé ekki mætt, óháð efnahagsástandi. Huga þarf sérstaklega að þeim hópi barna á öllum tímum.

Um greininguna

Barnmiðuð greining UNICEF á efnislegum gæðum í lífi barna byggir á réttindum barna eins og þau birtast í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggur áherslu á þarfir. Greiningin leiðir í ljós hvaða áhættuþættir liggja að baki þegar kemur að efnislegum skorti og hvert stjórnvöld ættu að beina sjónum sínum til að tryggja börnum efnisleg gæði. Fjögur ár eru síðan UNICEF á Íslandi birti síðast greiningu á skorti barna hér á landi sem leiddi í ljós að skortur meðal barna hafði aukist á tímabilinu 2009–2014 (Lovísa Arnardóttir, 2016). Árið 2009 voru áhrif hrunsins ekki að fullu komin fram og börn nutu enn uppgangs fyrri tíma. Árið 2014 voru áhrif kreppunnar aftur á móti sjáanleg hvarvetna og greining UNICEF gaf færi á að skoða, með mun nákvæmari



hætti en áður, á hvaða sviðum og hjá hvaða hópum barna var líklegt að skortur væri til staðar.

Út frá niðurstöðum síðustu skýrslu UNICEF var dregin sú ályktun að efnahagslegur samdráttur hafi haft bein áhrif á lífsgæði barna og þar með á réttindi þeirra. Það er áhugavert í ljósi þess að þegar þetta er skrifað er annars konar efnahagslægd í vændum vegna áhrifa heimsfaraldursins Covid-19. Ákveðið var að breyta aðferð greiningarinnar frá síðustu skýrslu svo hún væri samanburðarhæf við önnur Evrópuríki. Það þarf að hafa í huga við lestur skýrslunnar að niðurstöður hennar eru ekki samanburðarhæfar við skýrsluna sem gefin var út árið 2016. Byggt er á gögnum frá sömu árum, þ.e. 2009, 2014 og 2018 og því áfram hægt að skoða breytingarnar sem urðu á því tímabili. Það er ennfremur áhugavert að nýjustu gögnum greiningarinnar var safnað við upphaf ríkisstjórnarsamstarfs sem lagt hefur sérstaka áherslu á málefni barna, m.a. með tilkomu nýrrar skrifstofu málefna barna við félagsmálaráðuneytið og eflingu embættis Umboðsmanns barna. Í því ljósi væri áhugavert að halda áfram mælingum á efnislegum gæðum í lífi barna og meta áhrif aukinnar pólitískrar áherslu á réttindi þeirra og þarfir.

Það er þó mikilvægt að hafa í huga við lestur skýrslunnar að áhrif efnahagslegra þrenginga eru ekki einhlít. Annars konar rannsóknir á stöðu barna á Íslandi í efnahagshruninu sýndu m.a. að óefnisleg gæði, svo sem meiri samvera með foreldrum og tilfinningalegur stuðningur foreldra, jukust í takt við minnkandi atvinnuþátttöku foreldra. Tími og stuðningur foreldra reyndust vera verndandi þættir fyrir börn á slíkum tímum. Aftur á móti upplifðu börn sem ekki nutu stuðnings eða samveru við foreldra sína verri líðan (Dóra Guðmundsdóttir o.fl., 2015). Það þarf að huga sérstaklega að áhrifum efnahagssamdráttar á börn. Ljóst er að ef tilteknir hópar barna njóta ekki sérstakrar verndar munu þau hljóta skaða af og því er mikilvægt að góðar greiningar á stöðu barna liggi fyrir.

Aukið þröngbýli og minni tómstundaiðkun

Vert er að benda á að efnahagsleg staða heimila er ekki eina mögulega skýringin á efnislegum gæðum í lífi barna. Þótt margt bendi til þess að efnahagur stýri oftast för, geta til dæmis búseta eða lífsskoðanir foreldra einnig haft áhrif. Í 2. kafla er því t.d. velt upp hvort munurinn á tómstundaiðkun barna milli árána 2009 og 2018 sé mögulega tilkominn vegna viðhorfs- og menningarbreytinga en ekki eingöngu efnahagslegrar stöðu fjölskyldna.

Niðurstöðum greiningarinnar er skipt eftir tveimur aldurshópum. Annars vegar börn á leikskólaaldri (1–5 ára) og hins vegar börn á grunnskólaaldri (6–15 ára). Birtur er skortur hvors aldurshóps á ólíkum sviðum og umfang skortsins, þ.e. hversu margt börn skortir. Jafnframt er fjallað um hvaða þættir í fjölskyldu og umhverfi barna hafi áhrif á skort og hvað það er sem börn skortir.

Helstu niðurstöður greiningarinnar eru að efnislegur skortur barna minnkaði á flestum sviðum á milli 2014 og 2018. Skortur á sviði húsnæðis er undantekningin en hann jókst umtalsvert hjá báðum aldurshópum á tímabilinu. Vó þar þyngst aukið þröngbýli og raki í húsnæði. Efnislegur skortur stóð að mestu í stað hjá 1–5 ára börnum á milli 2009 og 2018 en jókst lítillega hjá eldri aldurshópnum. Það má fyrst og fremst rekja til fyrrnefndrar aukningar á skorti á sviði húsnæðis. Almennt liðu börn á Íslandi lítinn skort í samanburði við börn í öðrum Evrópuríkjum á flestum sviðum.

Vissir hópar barna nutu þó ekki efnahagslegs uppgangs síðustu ára að sama marki og önnur börn. Hlutfall barna sem leið skort og bjó í leiguhúsnæði var hærri en barna sem bjuggu í eignarhúsnæði í báðum aldursflokkum. Í eldri aldurshópnum mældist skortur meðal barna á barnmörgum heimilum og barna foreldra með grunn-, framhalds-, eða starfsmenntun meiri en meðal annarra barna í sama aldurshópi.

Skortur á sviði tómstunda jókst umtalsvert hjá langflestum hópum 6–15 ára barna milli árána 2009 og 2014 og gekk ekki að fullu til baka árið 2018. Aukninguna má að mestu leyti rekja til skorts á tómstundaiðkun sem virðist hafa fest sig að einhverju leyti í sessi. Árið 2018 bjuggu 17% barna á aldrinum 6–15 ára á heimili þar sem barn skorti tómstundir, samanborið við 8% árið 2009.

1 Samantekt á helstu niðurstöðum

Börn á Íslandi liðu minni efnislegan skort en börn í flestum öðrum löndum Evrópu

Í samanburði við önnur lönd í Evrópu liða börn á Íslandi almennt lítinn skort. Hlutfall efnislegs skorts meðal barna á Íslandi var það sjöunda lægsta af 31 Evrópuríki árið 2014, samkvæmt samantekt Rannsóknarmiðstöðvar UNICEF, Innocenti. Þá einkennist skortur á Íslandi og í öðrum efnameiri ríkjum af því að hann er ekki umfangsmikill, það er lágt hlutfall barna upplifir skort á mörgum sviðum. Það er ólíkt efnaminni ríkjum þar sem er algengt að börn liði skort á mörgum sviðum samtímis. Þegar litið er til skorts barna á einstaka sviðum stóðu börn á Íslandi best á sviði menntunar en skortur á því sviði mældist minnstur hér á landi af þeim löndum sem samanburðurinn tók til. Verst stóðu íslensk börn í evrópskum samanburði á sviðum húsnæðis og tómstunda, en þar vógu þyngst raki í húsnæði, þröngbýli og skortur á íþróttum, tónlist og öðru barna- eða ungmennastarfi.

Skortur dróst saman á flestum sviðum

Efnislegur skortur barna á Íslandi dróst saman eða stóð í stað á öllum sviðum á milli árána 2014 og 2018, nema á sviði húsnæðis þar sem skortur jókst. Skortur mældist lítill árið 2009 og er líklegt að þá hafi áhrif efnahagshrunsins á stöðu barna ekki verið að fullu komin fram. Skortur hafði aukist verulega árið 2014, fimm árum eftir efnahagshrunið, og voru áhrifin sjáanleg á nær öllum sviðum. Fjórum árum síðar, árið 2018, var almennt viðurkennt að efnahagslífið hefði rétt úr kútnum og hafði þá efnislegur skortur barna dregist saman á flestum sviðum, þótt staðan hafi almennt ekki verið orðin jafngóð og árið 2009.

Ójöfnuður meðal barna birtist jafnt í kreppu og góðæri

Ef litið er til bakgrunns barna má greina heimili þar sem skortur var almennt hlutfallslega meiri óháð efnahagsástandi. Skortur mældist meiri meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði í báðum aldursflokkum öll árin og vó þar þyngst aukinn skortur á sviðum húsnæðis, þroska, tómstunda og menntunar og umönnunar. Menntun foreldra hafði einnig áhrif á skort barna í eldri aldurshópnum, en hlutfall 6–15 ára barna sem leið skort og áttu foreldra með grunn-, framhalds- eða starfsmenntun var herra en barna háskólamenntaðra. Þá mældist meiri skortur á meðal 6–15 ára barna sem bjuggu á barnmörgum heimilum en barna sem bjuggu á heimilum með einu eða tveimur börnum. Meðal yngri barna hafði uppruni foreldra áhrif. Hlutfall barna sem leið skort og áttu foreldra sem fæddust erlendis var almennt herra en barna sem áttu foreldra sem fæddust á Íslandi og var munurinn marktækur árin 2009 og 2014.



Hátt hlutfall barna skortir tómstundastarf

Samanburður á niðurstöðum evrópsku lífskjararannsóknarinnar frá árinu 2014 bendir til þess að skortur barna á tómstundaiðkun sé meiri á Íslandi en í meirihluta annarra Evrópuríkja. Á milli áranna 2009 og 2014 varð veruleg aukning á hlutfalli barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn tók ekki þátt í íþróttum, tónlist eða öðru barna- eða ungmennastarfi, eða úr 8,1% í 23,4%. Árið 2018 hafði hlutfallið lækkað í 16,9% og var enn langt frá því að hafa gengið til baka miðað við stöðuna 2009. Mestur skortur var á barnmörgum heimilum, á heimilum þar sem atvinnuþátttaka foreldra mældist lág og meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði. Svo virðist sem skortur á tómstundum hafi að einhverju marki fest sig í sessi á tímabilinu. Það gæti bent til þess að langtímaáhrif efnahagslæggðar séu mikil á þessu sviði en hugsanlegt er að fleiri ástæður liggi að baki.

Réttur barna til tómstunda er skýr samkvæmt Barnasáttmálanum og UNICEF leggur áherslu á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik. Hátt hlutfall barna sem tekur ekki þátt í tómstundum er því áhyggjuefni og nauðsynlegt er að leitað sé skýringa á breytingunum.

Skortur minnkaði á sviðum næringar og klæðnaðar

Skortur á sviði næringar dróst saman hjá báðum aldurshópum á milli 2009 og 2018. Á því sviði er spurt hvort börn fái eina góða máltíð og ávexti og grænmeti daglega. Þegar litið er til bakgrunnsbreyta liðu langflestir hópar

1. Samantekt á helstu niðurstöðum

barna minni skort á sviði næringar árið 2018 en fyrri ár. Á meðal 1–5 ára barna einstæðra foreldra stóð hlutfallið þó í stað á milli árunna 2014 og 2018 og var 2,8%. Á heimilum með tvo foreldra lækkaði hlutfallið aftur á móti um rúm 3 prósentustig, úr 4,4% í 1,3%. Börn á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka mældist lægri stóðu almennt verst á sviði næringar árið 2018.

Skortur á sviði klæðnaðar dróst einnig verulega saman á tímabilinu. Á sviði klæðnaðar er spurt hvort börn eigi að minnsta kosti tvö pör af skóm sem passa og hvort þau eigi ný fót, það er fót sem enginn annar hefur átt. Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá öllum hópum barna á tímabilinu en mesta lækkunin varð meðal barna einstæðra foreldra, barna á heimilum með lægri atvinnuþátttöku og barna sem bjuggu í leiguhúsnæði. Þetta eru jafnframt þeir hópar barna sem liðu mestan skort á sviði klæðnaðar árin 2009 og 2014.

Skortur jókst á sviði húsnæðis

Athygli vekur að skortur á sviði húsnæðis jókst umtalsvert á milli 2014 og 2018. Húsnæðissviðið sker sig þannig frá öðrum sviðum og er eina sviðið þar sem skortur jókst marktækt á tímabilinu. Þar vó þyngst hlutfall barna sem bjuggu á heimilum þar sem raki var til staðar og þröngbýli.

Skortur á sviði húsnæðis mældist mikill meðal allra hópa barna árið 2018 og var hvergi lægri en 30%. Hæstur var hann meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði eða 61,8% hjá 1–5 ára börnum og 54,6% hjá 6–15 ára börnum. Þá stóðu börn sem bjuggu á heimilum með lægri atvinnuþátttöku og börn foreldra sem fæddust erlendis einnig verr á sviði húsnæðis en önnur börn. Skortur á sviði húsnæðis mældist lægstur meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Þá er athyglisvert að skortur á sviði húsnæðis virðist hafa komið fram á ólíkum tímapunktum meðal mismunandi hópa barna. Hjá sumum hópum, svo sem börnum í dreifbýli og börnum foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun, jókst skortur á sviði húsnæðis árið 2014 og stóð að mestu í stað árið 2018. Hjá öðrum hópum, svo sem börnum háskólamenntaðra, börnum í þéttbýli og börnum á heimilum með einum til tveimur börnum, var aukningin mest árið 2018.

Tillögur UNICEF á Íslandi til stjórnvalda

1. Fjölbreytt úrræði sem stuðla að aukinni þátttöku í tómstundastarfi

UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að tryggja jafnræði og jafnt aðgengi barna að tómstundastarfi óháð fjárhagslegri stöðu foreldra, fötlunar, uppruna eða annars. Ljóst er að margvíslegar félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar hindranir búa að baki háu hlutfalli barna á Íslandi sem iðka ekki tómstundir. UNICEF leggur til að stjórnvöld kortleggi hindranir á þátttöku barna og ungmenna í tómstunda- og æskulýðsstarfi. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög leiti skýringa á skortinum, komi í veg fyrir mismunun og tryggi að öll börn njóti réttar síns til tómstundastarfs.

UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að fjölga sérstaklega tækifærum fatlaðra barna til þátttöku í tómstundastarfi, ásamt því að auka aðgengi barna af erlendum uppruna. Þar er viðeigandi aðlögun og upplýsingamiðlun til barna og foreldra lykilatriði.

2. Aðgerðir gegn neikvæðum áhrifum efnahagslæggðar

UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að huga að langtímaaðgerðum gegn neikvæðum efnahagslegum áhrifum Covid-19 heimsfaraldursins á börn. Það getur tekið langan tíma fyrir afleiðingar efnahagslegs samdráttar að koma fram og því mikilvægt að greina stöðu barna með reglubundnum hætti og beina aðstoð að þeim börnum sem þurfa á henni að halda. Mikilvægt er að stjórnvöld virði í ákvörðunum sínum þriðju grein Barnasáttmálans og meti ákvarðanir sem varða börn út frá hagsmunum barna. Til þess þurfa stjórnvöld að afla áreiðanlegra upplýsinga um stöðu barna, en jafnframt að tryggja þátttöku barna og að hlustað sé á skoðanir barna.

3. Aukin barnmiðuð upplýsingasöfnun og greining

UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að bæta barnmiðuð upplýsingaöflun og greiningu. Miklu magni upplýsinga er safnað ár hvert en gögnin ekki nýtt með heildstæðum hætti til þess að greina stöðu réttinda barna. Jákvæð teikn eru á lofti um breytingar á þessu sviði með nýju mælaborði stjórnvalda um farsæld barna, ásamt tillögum um breytingar á barnavernd og snemmtækri íhlutun. Það er mikilvægt að greiningar líti sérstaklega til stöðu viðkvæmra hópa, en ekki eingöngu stöðu allra barna í heild, ásamt því að byggja einnig á gögnum þar sem viðhorf barnanna sjálfra liggja til grundvallar. UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að fylgjast áfram með áhrifum efnislegs skorts á börn og þróa viðmið um skort sem eiga við í íslensku samhengi.

4. Aðgerðir gegn fátækt og ójöfnuði

UNICEF hvetur stjórnvöld til þess að stuðla að auknum jöfnuði og jöfnum tækifærum barna án mismununar. Nýta þarf þekktar leiðir til að tryggja viðunandi framfærslu fólks með tilliti til jafnrar stöðu allra barna og líta sérstaklega til hagsmuna barna við gerð fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Mikilvægt er að einstaklingsbundin úrræði nýtist sem best og að aðgengi barna sem búa við fátækt að fjölbreyttum tækifærum til að njóta hæfileika sinna sé bætt, þá sérstaklega að börn njóti menntunar og taki þátt í tómstundastarfi, fái góða næringu og búi í viðunandi húsnæði - óháð fjárhagsstöðu foreldra.

2 Aðferð og mælingar



Að beiðni UNICEF á Íslandi greindi Hagstofa Íslands svör úr lífshjararannsókn Evrópusambandsins með barnmiðaðri aðferð sem þróuð var af Innocenti, rannsóknarmiðstöð UNICEF, og nefnist EU-MODA. Eins og nafnið gefur til kynna byggir greiningin á gögnum sem eru samanburðarhæf meðal Evrópuríkja. Með aðferðinni eru mótaðar nýjar leiðir til að greina efnislegan skort meðal barna í efnameiri ríkjum heims. Niðurstöður greiningarinnar fyrir Ísland eru kynntar í þessari skýrslu og til einföldunar verður hún hér eftir kölluð skortgreining.

Lífshjararannsókn Evrópusambandsins byggir á úrtaki heimila einstaklinga sem valdir eru með hendingu úr þjóðskrá. Um 5.200 heimili eru í úrtakinu á hverju ári (fjöldi hefur farið vaxandi seinustu ár), þar af um 4.000 heimili sem valin voru árið á undan og um 1.200 heimili sem bætt er við ár hvert í stað þeirra sem ljúka þátttöku. Í þessari úrvinnslu er þó farið með gögnin eins og þversniðsgögn. Þá er staða heimila og einstaklinga sem þeim tilheyra metin á þeim tímapunktum sem eru til skoðunar óháð því hvernig staða þeirra þróast yfir tíma. Niðurstöður fyrir árið 2018 eru bráðabirgðagögn og búast má við frekari uppfærslum á þeim.

Markmið skortgreiningarinnar er að greina skort á meðal barna á aldrinum 1–15 ára. Þar sem lífsskjararannsóknin er heimilisrannsókn er grunneiningin heimili barna á aldrinum 1–15 ára. Í úrvinnslu eru gögnin svo vigtuð með einstaklingsvog. Þetta þýðir að farið er með gögnin eins og einstaklingsgögn barna. Hins vegar er ljóst að við túlkun þarf að hafa í huga að spurningarnar vísa til heimilisins og ekki er spurt um hvert og eitt barn fyrir sig, nema þegar spurt er um dagvistun. Þetta þýðir að ef eitt barn á heimili skortir tiltekið atriði þá er talið að öll börn á heimilinu skorti það. Túlkun niðurstaðna skal því orða þannig: „X prósent barna bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort“.

Samkvæmt aðferðum skortgreiningarinnar er greiningunni skipt í 6–7 skortsvið og undir hverju sviði eru á bilinu 2–5 skortvísar sem endurspeglar spurningar evrópsku lífsskjarakönnunarinnar. Barn telst líða skort ef það skortir að minnsta kosti eitt atriði á tveimur ólíkum sviðum. Ef barn skortir eitthvað á þremur ólíkum sviðum telst það líða verulegan skort.

Í Viðauka I um barnmiðaða greiningu á skorti barna og Viðauka II um skýringar og hugtök frá Hagstofu Íslands er að finna ítarlegri lýsingu á aðferð og mælingum skýrslunnar.

Fyrirvarar

Greining sem þessi er ávallt takmörkuð af fyrirliggjandi gögnum og því umhverfi sem verið er að rannsaka. Þá lýsa gögnin einungis hluta veruleika barna og segja ekki alla söguna. UNICEF setur því fyrirvara við niðurstöður greiningarinnar sem vert er að hafa í huga.

- Evrópska lífsskjararannsóknin er heimiliskönnun. Á Íslandi er hún framkvæmd þannig að valinn svarandi veitir upplýsingar fyrir allt heimilisfólk. Niðurstöður sýna þannig hlutfall barna, 1–15 ára, sem búa á heimilum sem þurfa að neita einu eða fleiri börnum um tiltekin lífsgæði.
- Spurningar evrópsku lífsskjararannsóknarinnar eru alfarið ákveðnar af Hagstofu Evrópusambandsins, ekki UNICEF á Íslandi.
- Fámenni Íslands gerir það að verkum að ekki er hægt að nýta alla möguleika skortgreiningar UNICEF. Til dæmis er ekki hægt að líta til landshluta eða sveitarfélaga, annars vegar á grundvelli persónuverndar og hins vegar þess að fjöldi barna á bak við slík svæði er í mörgum tilfellum of lítill til að skila áreiðanlegum niðurstöðum.
- Efnislegur skortur segir aldrei alla söguna um velferð barna. Hann hefur til dæmis minni áhrif en ella ef börn hafa ríkan aðgang að óefnislegum gæðum, s.s. samveru, kærleiksríkri umönnun og nánd.
- Ekki var mögulegt að skoða stöðu barna á aldrinum 16–18 ára. Ástæðan er sú að evrópska lífsskjararannsóknin safnar aðeins gögnum um börn á aldrinum 1–15 ára og miðast því öll greining hér í skýrslunni við þann aldurshóp barna.

3 Tómsundastarf barna



Á Íslandi mælist töluverður skortur á tómstundum samanborið við önnur ríki Evrópu og er nauðsynlegt að leita skýringa á því. Samkvæmt greiningu UNICEF bjuggu 18,5% barna á aldrinum 6–15 ára á heimilum þar sem eitthvert barn skorti tómstundir árið 2018. Hlutfallið hækkaði verulega á milli 2009 og 2014, úr 9,8% í 26,5%. Þrátt fyrir að hlutfallið hafi lækkað aftur árið 2018, var það enn hvergi nærri stöðunni árið 2009 (sjá töflu 3.1.).

Formleg skilgreining á tómstundum sem notast hefur verið við hérlandis nær til athafna, hegðunar eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum. Þá sé um frjálst val að ræða, sem hefur í för með sér ánægju og jákvæð áhrif. Kjarni tómstunda felist því í vellíðan og auknum lífsgæðum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010). Í greiningu UNICEF er skortur á tómstundum mældur með fjórum skortvísum. Vísarnir gefa til kynna að barn eigi ekki leikföng til að leika með innandyra eða utan, eða bækur sem henta aldri og stundi ekki íþróttir, tónlist eða annað barna- eða ungmennastarf. Vísarnir mæla eingöngu hvort þessi atriði séu til staðar eða ekki, en segja ekki til um hvort um frjálst val sé að ræða eða hvort áhrifin séu jákvæð.

Skortur á sviði tómstunda skýrist að mestu leyti af skorti á íþróttum, tónlist eða öðru barna- eða ungmennastarfi, eða tæp 17%. Á öðrum sviðum mældist skortur lítil eða óverulegur, eða á bilinu 0–3%.

Tafla 3.1

Hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviði í heild og atriðum (%).

	2009		2014		2018	
Tómsundir	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Skortir eitt eða meira	9,8	1,2	26,5	1,9	18,5	1,7
Á ekki leikföng, spil eða tölvuleiki til að leika með innandyr	0,2	0,2	1,2	0,5	0,0	0,1
Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að leika með utandyra	1,1	0,4	2,1	0,6	1,1	0,5
Á ekki bækur sem henta aldri	0,8	0,4	2,6	0,7	1,3	0,4
Stundar ekki íþróttir, tónlist eða annað barna- eða ungmennastarf	8,1	1,1	23,4	1,8	16,9	1,7

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Öll börn eiga rétt til tómsunda og til að stunda skemmtanir og leiki sem hæfa aldri þeirra. UNICEF leggur áherslu á mikilvægt hlutverk leiks í þroska barna. Leikur í öruggu rými er veigamikill þáttur í þroska líkamlegrar, tilfinningalegrar, félagslegrar, hugrænnar og vitsmunalegrar hæfni barna. Auk þess spilar leikur lykilhlutverk í að veita börnum tækifæri til þess að kynnast öðrum börnum og móta sér hlutverk í samfélaginu. Þetta er mikilvægt fyrir öll börn en ekki síst börn sem hafa upplifað áfall eða eru af öðrum ástæðum í viðkvæmri stöðu (Brooker og Woodhead, 2013). Rannsóknir sýna að skipulagt íþrótt- og tómsundastarf stuðlar að jákvæðri líðan barna, örvar félagslegan þroska og hefur forvarnargildi (sjá m.a. Amalía Björnsdóttir o.fl., 2009; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020).

Tómsundaiðkun í evrópskum samanburði


Sé borið saman við önnur Evrópulönd standa börn á Íslandi verr á sviði tómsunda en á öðrum sviðum. Árið 2014 mældist hlutfall skorts á sviði tómsunda tæplega 30% meðal barna á Íslandi þegar aldurshópurinn 1–15 ára var skoðaður í heild. Ísland var þannig í 19. sæti af 31 landi sem samanburðurinn tók til (mynd 3.1.). Lægst var hlutfallið í Sviss, eða 11%, en hæst í Búlgaríu þar sem það mældist rúmlega 75%. Búlgaría og Rúmenía skáru sig úr hópnum, þar sem rúmlega 70% barna búa á heimili þar sem barn skortir eitthvað á sviði tómsunda. Hlutfallið var á bilinu 11–50% í öðrum löndum. Þegar einungis þátttaka í íþróttum, tónlist og öðru ungmennastarfi var skoðuð færðist Ísland enn neðar í samanburðinum og var í 22. sæti af 31 landi (Chzhen o.fl., 2018). Tómsundasviðið sker sig frá öðrum sviðum greiningarinnar þar sem börn á Íslandi voru meðal þeirra barna sem liðu hvað minnstan skort í Evrópu.

Hvaða börn á Íslandi líða mestan skort á tómsundum?

Hlutfall barna sem bjuggu á heimili þar sem barn leið skort á tómsundum, hækkaði meðal langflestra hópa á milli árunna 2009 og 2014. Á því tímabili gekk Ísland, líkt og heimurinn allur, í gegnum efnahagskreppu í kjölfar bankahrunsins og benda niðurstöðurnar til þess að kreppan hafi haft bein áhrif á þátttöku barna í tómsundum og að áhrifin hafi verið víðtæk, þ.e. hafi haft áhrif á alla hópa barna en ekki aðeins þau börn sem bjuggu við verstu kjörin. Aftur á móti gekk skorturinn ekki að fullu til baka í efnahagslegri uppsveiflu á árunum 2014 til 2018. Það bendir til þess

Mynd 3.1

Hlutfall 1–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómsunda árið 2014. Samanburður meðal Evrópuríkja.



Heimild: EU-SILC (version 01.08.2014)

Myndin byggir á gögnum úr lífshjálparannsókn Evrópusambandsins árið 2014. Villustikurnar sýna 95% öryggisbil.

Fengið úr „Monitoring progress towards sustainable development: Multidimensional child poverty in the European Union“ eftir Y. Chzhen, Z. Bruckauf og E. Toczydlowska, 2018, Journal of Poverty and Social Justice, 26(2), 129–150.

Skammstafanir landa:

AT Austurríki	CZ Tékkland	ES Spánn	IE Írland	LV Lettland	RO Rúmenía
BE Belgía	DE Þýskaland	FI Finnland	IS Ísland	MT Malta	SE Svíþjóð
BG Búlgaría	DK Danmörk	FR Frakkland	IT Ítalía	NL Holland	SI Slóvenía
CH Sviss	EE Eistland	HR Króatía	LT Litháen	PL Pólland	SK Slóvakía
CY Kýpur	EL Grikkland	HU Ungverjaland	LU Lúxemborg	PT Portúgal	UK Bretland

3. Tómsundastarf barna

að áhrif efnahagslæggðar í kjölfar bankahrunsins 2008 hafi verið mikil og mögulega varanleg á tómsundaiðkun barna. Vert væri að skoða betur í þessu samhengi þróun kostnaðar við þátttöku í tómsundum en jafnframt hvort breytingar hafi orðið á menningu og viðhorfum til tómsundaiðkunar barna milli ára 2009 og 2018.

Það er áhugavert að líta til áhrifa bakgrunns barna á tómsundaiðkun. Greiningin tekur til tómsundasviðsins í heild. Þar sem íþróttir, tónlist og annað ungmennastarf eru veigamesti þátturinn, má gera ráð fyrir að munur milli hópa á sviði tómsunda skýrist að mestu af þeim þætti.

Árið 2018 mældist mestur skortur á sviði tómsunda meðal 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum sem voru líkleg til þess að vera tekjulág eða voru fjölmenn heimili. Mikill skortur mældist á heimilum þar sem atvinnuþátttaka foreldra var minni en 50% (43%), meðal barna á heimilum með þremur eða fleiri börnum (28,8%) og barna sem bjuggu í leiguhúsnæði (25,4%). Jafnframt var marktækt meiri skortur á meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun og barna einstæðra foreldra, heldur en meðal barna háskólamenntaðra og barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum.

Það vekur athygli að skortur á sviði tómsunda meðal barna foreldra af erlendum uppruna stóð í stað frá árinu 2009, en jókst aftur á móti meðal barna foreldra sem fæddir eru á Íslandi. Árið 2018 mældist ekki marktækur munur á milli hópanna.

Ekki gafst færi á að greina þátttöku fatlaðra barna í tómsundum þar sem ekki er spurt um fötlun barns í evrópsku lífshjararannsókninni. Það er þó hópur sem er afar mikilvægt að líta til í þessu samhengi. Fötlð börn hafa sjálf bent á að lítið úrval sé af íþróttum og frístundum fyrir sinn hóp (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, 2019). Hefðbundið íþrótt- og frístundastarf er ekki aðgengilegt öllum og hafa rannsóknir á þessu sviði leitt í ljós að fötlð börn, sem ekki geta tekið þátt í tómsundum, upplifa félagslega einangrun og vanlíðan (Gerður Gústavsdóttir og Valrós Sigurbjörnsdóttir, 2008; Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010).

Annar hópur sem evrópska lífshjararannsóknin tekur ekki til eru börn sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Jafnframt er ólíklegt að gögnin endurspegli stöðu flóttafólks þar sem aðgengi þess hóps að þátttöku í spurningakönnunum er afar takmarkaður. Það er mikilvægt að kanna stöðu barna í þeim hópum sérstaklega, því fyrir utan að vera réttur barnanna þá hafa íslenskar rannsóknir sýnt fram á að tómsundir hafi jákvæð áhrif á gagnkvæma aðlögun barna af erlendum uppruna og barna á flótta. Það eru hins vegar ákveðnir þekktir þættir sem hindra þátttöku þeirra, m.a. tungumálaerfiðleikar, skortur á upplýsingamiðlun til foreldra og viðhorfsmunur til tómsunda á milli menninga (Kolbrún Þ. Pálsdóttir o.fl., 2014; Pétur Hjörvar Þorkelsson, 2017; Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008).

3. Tómsundastarf barna

Tómsundir eru mikilvægar fyrir öll börn

Stjórnvöld leggja sífellt meiri áherslu á mikilvægi óformlegrar menntunar og að menntun barna sé í auknum mæli unnin á heildstæðan hátt í samvinnu við fleiri aðila innan samfélagsins, t.d. menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og ungmennafélög. Tryggja þarf jafnan aðgang barna að slíkri menntun til þess að sporna við mismunun á grundvelli stöðu foreldra, svo sem fjárhag, tungumálakunnáttu, menntun og öðrum þáttum. Aðalnámskrár skólastiganna þriggja (leik-, grunn- og framhaldsskóla) leggja áherslu á að nám stuðli að hæfni sem lærist ekki einungis í formlegri kennslu. Gagnrýnin hugsun, sjálfsþekking, samskipti og tilfinningalæsi; sköpunarmáttur og þekking og geta til þess að hafa áhrif á samfélag sitt. Nýjar menntastefnur Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar eru dæmi um slíka stefnumótun á sveitarstjórnarstiginu. Í þeim er rík áhersla lögð á fyrirnefnd gildi. Í því samhengi er mikilvægt að sveitarfélög sporni á virkan hátt við mismunun og finni leiðir til þess að tryggja greiðan aðgang allra barna að tómsundum.

4 Evrópskur samanburður



Almennt séð mælist lítill efnislegur skortur meðal barna á Íslandi í samanburði við önnur lönd í Evrópu. Í samanburði sem Innocenti, rannsóknarmiðstöð UNICEF, gerði á niðurstöðum lífsskjararannsóknar Evrópusambandsins árið 2014 kom fram að hlutfall efnislegs skorts 1–15 ára barna á tveimur eða fleiri sviðum mældist lægra á Íslandi en víðast hvar í Evrópu (Chzhen, Bruckauf og Toczydlowska, 2018)¹. Ísland skipaði 7. sæti listans en samanburðurinn náði til 28 Evrópusambandsríkja auk Íslands, Noregs og Sviss.

Skortur barna á tveimur eða fleiri sviðum mældist minnstur í Noregi árið 2014, eða 5%, en hæstur í Rúmeníu þar sem hlutfallið var 85%. Líkt og mynd 4.1 sýnir raðast Norðurlöndin (Noregur, Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Ísland), auk Sviss og Hollands, efst á listann en mestur skortur mældist hins vegar hjá börnum á Ítalíu, í Slóvakíu, Ungverjalandi, Búlgaríu og Rúmeníu. Neikvæð fylgni reyndist á milli efnislegs skorts barna og hagsældar ríkja, það er börn í löndum þar sem verg landsframleiðsla á mann var minni voru almennt líklegri til að líða efnislegan skort.

Það sem einkennir almennt skort meðal barna á Íslandi og í öðrum efnameiri ríkjum er að hann er ekki umfangsmikill, það er lágt hlutfall barna sem upplifir skort á mörgum sviðum. Umfang skorts aðgreinir þannig


¹ Ekki var hægt að nálgast samanburðarhæfar niðurstöður frá árinu 2018.

4. Evrópskur samanburður

efnamestu ríki heims frá þeim efnaminni. Í efnaminnstu ríkjum Evrópu upplifa börn skort á allt að sjö sviðum samtímis og mun hærra hlutfall barna upplifir skort á þremur sviðum heldur en við sjáum á Íslandi (UNICEF Office of Research – Innocenti, e.d.).

Mynd 4.1

Hlutfall 1–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á tveimur eða fleiri sviðum árið 2014. Samanburður meðal Evrópuríkja.



Heimild: EU-SILC (version 01,08.2014). Svörtu línurnar sýna 95% öryggisbil.

Myndin byggir á gögnum úr lífskjararannsókn Evrópusambandsins árið 2014. Villustikurnar sýna 95% öryggisbil.

Fengið úr „Monitoring progress towards sustainable development: Multidimensional child poverty in the European Union“ eftir Y. Chzhen, Z. Bruckauf og E. Toczydlowska, 2018, Journal of Poverty and Social Justice, 26(2), 129–150².

Skammstafanir landa:

AT Austurríki	CZ Tékkland	ES Spánn	IE Írland	LV Lettland	RO Rúmenía
BE Belgía	DE Þýskaland	FI Finnland	IS Ísland	MT Malta	SE Svíþjóð
BG Búlgaría	DK Danmörk	FR Frakkland	IT Ítalía	NL Holland	SI Slóvenía
CH Sviss	EE Eistland	HR Króatía	LT Litháen	PL Pólland	SK Slóvakía
CY Kýpur	EL Grikkland	HU Ungverjaland	LU Lúxemborg	PT Portúgal	UK Bretland

Þegar litið var til skorts barna á einstaka sviðum árið 2014 stóð Ísland framarlega á þeim flestum (Chzhen, Bruckauf og Toczydlowska, 2018). Best stóðu börn á Íslandi miðað við önnur börn í Evrópu á sviði menntunar en skortur á því sviði mældist minnstur hér á landi. Á sviði félagslífs og upplýsinga liðu færri börn á Íslandi skort heldur en í öllum öðrum ríkjum sem samanburðurinn tók til að tveimur löndum undanskildum og á sviði næringar voru aðeins þrjú lönd þar sem skortur mældist minni en á Íslandi. Á sviði klæðnaðar var Ísland í níunda sæti af þeim löndum sem samanburðurinn tók til. Verst stóðu íslensk börn í evrópskum samanburði á sviðum húsnæðis og tómstunda en þar vógu þýngst *raki í húsnæði*,

2 Aðferðafræðin sem Innocenti notaði er lítillega frábrugðin aðferðafræði þessarar skýrslu sem orsakar örlítinn mun á tölulegu gildi skorts barna á Íslandi á tveimur og fleiri sviðum árið 2014.


4. Evrópskur samanburður

þröngbýli og skortur á íþróttum, tónlist eða öðru barna- eða ungmennastarfi. Á sviði húsnæðis var Ísland í 16. sæti af 31 landi en á sviði tómstunda barna var Ísland í 19. sæti. Hlutfall barna sem leið skort á sviði tómstunda var því hærra á Íslandi en í meirihluta þeirra landa sem samanburðurinn tók til (sjá mynd 4.2.). Heilt yfir mældist skortur barna í Evrópu á sviði húsnæðis meiri en á öðrum sviðum. Það rímar við niðurstöður skortgreiningarinnar hér á landi en skortur mældist meiri á sviði húsnæðis en á öðrum sviðum árin 2009, 2014 og 2018.

Mynd 4.2

Röðun Íslands á ólíkum sviðum efnislegs skorts barna árið 2014 í evrópskum samanburði.

30–31 Evrópulandi er raðað frá lágsta hlutfalli skorts til þess hæsta.



(Chzhen, Bruckauf. og Toczydlowska, 2018)

5 Skortur barna á leikskólaaldri (1–5 ára)



Við greiningu á skorti barna á leikskólaaldri (1–5 ára) voru spurningar lífshjararannsóknar Evrópusambandsins flokkaðar í sex svið sem endurspeglar grunnþarfir og réttindi barna. Sviðin eru: *næring, klæðnaður, menntun, þroski, upplýsingar og húsnæði*. Á bak við hvert svið eru á bilinu tveir til fimm vísar. Samkvæmt aðferðum skortgreiningarinnar telst barn líða skort á tilteknu sviði ef það skortir eitt eða fleiri atriði á því sviði.

Marktæk fækkun varð á 1–5 ára börnum sem komu frá heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði næringar og klæðnaðar árið 2018 miðað við 2014. Skortur jókst hins vegar á sviði húsnæðis, en þar vó þýngst fjölgun heimila þar sem var þröngbýli og raki var til staðar í húsnæði. Í töflu 5.1. er greint frá hlutfalli heimila þar sem eitthvert barn á aldrinum 1–5 ára leið skort eftir sviðum og atriðum.

5. Skortur barna á leikskólaaldri (1–5 ára)

Tafla 5.1

Hlutfall barna á aldrinum 1-5 ára sem búa á heimilum þar sem eitthvert barn líður skort eftir sviðum og spurningum (%).

Svið	Spurningar	2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
NÆRING	Skortir eitt eða meira	3,4	1,0	4,1	1,2	1,6	0,9
	Fær ekki a.m.k. eina kjöt-, fisk- eða grænmetis máltíð daglega	0,9	0,5	2,1	0,8	0,7	0,7
	Fær ekki ávexti eða grænmeti daglega	3,0	1,0	2,7	1,0	0,9	0,5
KLÆÐNAÐUR	Skortir eitt eða meira	4,0	1,2	6,7	1,7	1,1	0,9
	Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa	2,9	1,1	3,8	1,3	1,0	0,9
	Á ekki ný föt, þ.e. föt sem enginn annar hefur átt	1,5	0,6	3,3	1,2	0,1	0,1
MENNTUN	Skortir dagvistun (3-5 ára sem eru ekki skráð í dagvistun í 1 klst eða meira á viku)	1,2	0,6	1,5	0,7	2,9	1,5
ÞROSKI	Skortir eitt eða meira	9,1	1,8	13,3	2,3	14,9	3,1
	Á ekki leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika með innandyrna	0,6	0,4	1,4	0,8	0,9	1,0
	Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að leika með utandyra	1,2	0,7	2,8	1,1	1,7	1,3
	Á ekki bækur sem henta aldri	0,9	0,5	0,0	0,0	1,0	0,9
	Fær ekki að bjóða vinum sínum heim að leika við eða borða með	7,8	1,7	9,2	1,9	12,4	2,8
	Heldur ekki upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu	0,0	0,0	0,8	0,6	0,1	0,1
UPPLÝSINGAR	Skortir eitt eða meira	2,6	1,0	1,0	0,7	0,6	0,4
	Hefur ekki aðgengi að interneti á heimilinu	1,8	0,8	0,5	0,4	0,0	0,0
	Hefur ekki aðgengi að tölvu á heimilinu	1,8	0,8	0,9	0,6	0,6	0,4
HÚSNÆÐI	Skortir eitt eða meira	27,3	2,6	29,7	2,9	41,9	3,9
	Býr við þröngbýli ³	7,8	1,7	11,5	2,1	16,7	3,3
	Ekki næg dagsbirta inn um glugga á heimili	1,4	0,8	3,3	1,2	2,8	1,4
	Raki til staðar á heimili	21,2	2,4	19,2	2,4	24,5	3,2
	Hefur ekki aðgengi að salerni eða sturtu/baðkari á heimili	0,0	0,0	0,8	0,6	1,0	0,9

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

³ Barn er talið búa við þröngbýli ef heimili þess uppfyllir ekki eftirfarandi skilyrði: að minnsta kosti eitt sameiginlegt herbergi fyrir heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12–17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri.

[±95% Öryggisbil]

Í töflum þessarar skýrslu eru ±95% öryggisbil sýnd fyrir aftan hverja tölu. Rannsóknir líkt og lífskjararannsókn Evrópusambandsins kanna hlutfall tiltekinna skortþátta í úrtaki fjölskyldna og áætla þarf hlutföllin hjá heildinni út frá svörum úrtaksins. ±95% öryggisbil er það bil sem við getum sagt með 95 prósentu öryggi að tiltekið hlutfall liggi á hjá heildarhópnum. Ef við erum til dæmis með hlutfallið 10% og öryggisbilið 2%, þá getum við sagt með 95 prósentu öryggi að hlutfallið liggi á bilinu 8–12%.

[Marktækni]

Marktækar tölur eru merktar með X í töflum þessarar skýrslu og er miðað við 95% öryggisbil. Merkingin þýðir að marktæk breyting hafi orðið á hlutfallinu frá árinu áður. Tilviljunarkennd villa er til staðar í hvert skipti sem úrtak er tekið í rannsóknum líkt og þessi skýrsla byggir á. Ef breyting er marktæk þýðir það á einföldu máli að hún hafi raunverulega átt sér stað. Þegar talað er um að munur á milli hópa hafi verið marktækur, til dæmis munur á hlutfalli skorts milli stúlkna og drengja, þýðir það að við getum verið nokkuð örugg um að munurinn sem mældist á milli hópanna sé ekki tilviljun.

[Dagvistun barna]

Á sviði menntunar og umönnunar hjá 1–5 ára börnum er spurt hvort barn eða börn á heimilinu á aldrinum 3–5 ára séu í dagvistun í eina klukkustund eða meira í viku. Spurningin vísar til einstakra barna þar sem spurt er um stöðu hvers barns sem skráð er á heimili.

Þar sem flest börn á Íslandi eru í dagvistun endurspeglar spurningin ekki endilega aðstæður barna hér á landi. Við litum því til gagna Hagstofunnar um fjölda 1–5 ára barna sem voru hvorki skráð í leikskóla né grunnskóla. Þar sem algengt er að yngri börn dvelji hjá foreldrum eða dagforeldrum var hópnum skipt í tvo aldurshópa. Yngra aldursbilið er 1–2 ára og eldra aldursbilið er 3–5 ára. Gögnum Hagstofunnar er ætlað að gefa aukna innsýn í stöðu barna á Íslandi á þessu sviði en vega ekki inn í niðurstöður skortgreiningarinnar um skort á sviði menntunar og umönnunar eða umfang skorts.

Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall barna á aldrinum 1–2 ára var utan leikskóla árið 2018 en árið 2014 (tafla 5.2., þ.e. fimmtungur var utan leikskóla árið 2018 miðað við um það bil þriðjung árið 2014. Meðal barna á aldrinum 3–5 ára hefur hins vegar færst í aukana að börn séu ekki skráð í leikskóla, en um það bil 12% barna á þeim aldri voru ekki skráð í leikskóla né grunnskóla árið 2018 miðað við rúm 6% árið 2014. Túlkun niðurstöðanna veltur á því hvernig litið er á rétt barna til leikskólavistar en UNICEF á alþjóðavísu telur mikilvægt að börn fái undirbúningsmenntun í leikskóla í tvö ár áður en grunnskólaganga hefst (United Nations Children's Fund, 2019).

Tafla 5.2

Hlutfall barna sem eru ekki skráð í leikskóla eða grunnskóla skipt eftir aldri (%).

Aldur	2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
1-2 ÁRA	27,3	4,1	33,2	4,8	21,6	4,8
3-5 ÁRA	7,2	1,8	6,4	1,9	12,0	3,2

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Umfang skorts

Eitt af meginmarkmiðum skortgreiningarinnar er að meta umfang skorts meðal barna, það er hvort börn líði skort á ólíkum sviðum og þá hversu mörgum. Ef litið er til barna á leikskólaaldri liðu færri börn engan skort á neinu sviði árið 2018 heldur en 2009 (tafla 5.3.). Árið 2009 komu 61,1% barna á leikskólaaldri frá heimilum þar sem ekkert barn leið skort á neinu sviði en árið 2018 hafði hlutfallið lækkað marktækt í 50,7%. Að sama skapi bjuggu fleiri börn á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á einu sviði árið 2018 heldur en árið 2009. Hlutfallið var tæplega 32% árið 2009 en hafði hækkað í tæplega 39% árið 2018 yfir níu ára tímabil. Rekja má þessa þróun fyrst og fremst til aukins skorts á sviði húsnæðis, þá sérstaklega vegna þröngbýlis og raka.

Umfang skorts meðal barna á leikskólaaldri, það er fjöldi barna sem liðu skort á tveimur, þremur eða fjórum sviðum samtímis, stóð hins vegar að mestu í stað árið 2018 miðað við fyrri ár. Skortur á þremur sviðum mældist 1,5% árið 2018 sem er sambærilegt niðurstöðum fyrri ára. Skortur á fjórum sviðum minnkaði hins vegar marktækt milli ára og var hverfandi árið 2018.

Tafla 5.3

Umfang skorts meðal 1-5 ára barna á Íslandi 2009, 2014 og 2018 (%).

Svið	2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Skortir ekkert	61,1	2,9	57,7	3,1	50,7	3,9
Skortur á einu sviði	31,7	2,8	33,1	3,0	38,9	3,8
Skortur á tveimur sviðum	5,9	1,4	6,3	1,5	8,9	2,5
Skortur á þremur sviðum	1,2	0,7	2,1	1,1	1,5	1,2
Skortur á fjórum sviðum	0,0	0,4	0,7	0,5	0,0	0,0

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?

[Hvað er á bak við bakgrunnsbreyturnar?³]

Kyn

Kyni barna er skipt í tvo flokka, þ.e. stúlkur og drengi.

Búseta

Búseta lýsir því á hvernig búsetusvæði heimilið er staðsett. Þéttbýli eru þau landsvæði sem hafa að minnsta kosti 1.500 íbúa á hvern ferkílómetra og mannfjöldi er að minnsta kosti 50.000. Dreifbýli eru svæði sem hafa færri íbúa en 300 og mannfjölda undir 5.000.

Menntunarstig foreldra

Menntun foreldra byggir á hæsta menntunarstigi foreldra. Menntunarstigi er skipt í tvo flokka; háskólanám og ekki háskólanám (grunn-, framhalds- eða starfsmenntun). Samkvæmt EU-MODA á breytan að meta menntun helsta umönnunaraðila, sem er álitinn vera móðir barns. Ef móðir býr ekki á heimili, eða upplýsingar um menntun hennar liggja ekki fyrir, er menntun föður látin standa fyrir menntun foreldra.

Uppruni foreldra

Uppruni foreldra byggir á því hvort á heimilinu séu einstaklingar eldri en 16 ára sem fæddust utan Íslands. Ef annað foreldrið er fætt á Íslandi en hinn erlendis fellur barnið í þann flokk að eiga foreldra sem fæddust erlendis.

Fjöldi barna á heimili

Talning á börnum á heimili byggir á fjölda barna á aldrinum 0–15 ára. Þetta þýðir að börn undir 1 árs eru talin með, þó að börn á þessum aldri séu ekki tekin með í skortgreiningu EU-MODA.

Staða heimilis á húsnæðismarkaði

Staða heimilis á húsnæðismarkaði skilgreinist af því hvort íbúar leigi húsnæði sitt eða búi frítt annars vegar, eða eigi húsnæði sitt að fullu eða að hluta hins vegar.

Heimilisgerð

Talning foreldra á heimilum byggir á fjölda fullorðinna einstaklinga sem deila heimili með barni á aldrinum 0–15 ára og er skráð sem foreldri barns á þessum aldri. Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar geti verið fleiri en tveir. Þrátt fyrir að einungis eitt foreldri deili heimili með barni, og barnið því flokkað sem barn einstæðs foreldris, þarf ekki endilega að vera að foreldrið sé einhleypt. Þannig geta tvær fyrirvinnur verið á heimili barns einstæðs foreldris. Þá getur barn einstæðs foreldris einnig átt fullorðið systkini sem býr á heimilinu.

Atvinnuþátttaka á heimili

Atvinnuþátttaka er skilgreind sem samanlagt hlutfall þeirra mánaða sem heimilisfólk á vinnualdri (16–64), að undanskildum námsmönnum á aldrinum 18–24 ára, er starfandi yfir árið af öllum þeim mánuðum sem þeir samanlagt gætu verið starfandi. Hjá þeim sem vinna minna er ekki gerður greinarmunur á því hvort það skýrist af veikindum, vali eða öðrum ástæðum. Í úrvinnslu er breytan tvískipt: heimili þar sem heimilisfólk vinnur að minnsta kosti helming hugsanlegs vinnutíma og heimili þar sem heimilisfólk vinnur minna en helming hugsanlegs vinnutíma.

5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?

Fyrir flesta hópa barna á aldrinum 1–5 ára benda mælingar til þess að skortur á tveimur sviðum hafi aukist á milli 2014 og 2018, en aukningin var einungis marktæk meðal barna háskólamenntaðra foreldra og barna sem bjuggu í leiguhúsnæði (tafla 5.1.1).

Árið 2018 mældist skortur á tveimur sviðum sambærilegur meðal barna háskólamenntaðra og barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun. Fjórum árum áður, árið 2014, hafði hins vegar mælt marktækt minni skortur meðal barna háskólamenntaðra. Líkt og tafla 5.8. sýnir skýrist sú þróun af auknum skorti á sviði húsnæðis meðal barna háskólamenntaðra sem var orðinn sambærilegur húsnæðisskortur barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun árið 2018.

Skortur á tveimur sviðum meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði mældist marktækt meiri en meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði árið 2018 og hafði munurinn á milli þessara tveggja hópa aukist frá árinu 2014. Líkt og sjá má í töflu 5.1.1 skýrist það fyrst og fremst af því að meiri skortur mældist á sviðum *húsnæðis, menntunar og umönnunar og þroska* meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði heldur en barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Skortur var helst að finna meðal barna sem:

- Bjuggu í leiguhúsnæði (20,9%).
- Áttu foreldra sem fæddust erlendis (14,1%).
- Bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% (19,9%).

Skortur á þremur sviðum dróst saman hjá meirihluta hópa 1–15 ára barna á milli 2014 og 2018 (tafla 5.1.2). Breytingin reyndist þó einungis marktæk meðal barna sem bjuggu í dreifbýli þar sem skortur á þremur sviðum dróst saman úr 1,9% í 0%, og barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% þar sem hann lækkaði úr 24,9% í 0%. Benda má á að fá svör liggja að baki tölum um börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% árið 2018.

Hlutfall barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á þremur sviðum, mældist marktækt lægra meðal barna í dreifbýli heldur en þéttbýli árið 2018, eða 0% í dreifbýli miðað við 2,3% í þéttbýli. Þá mældist einnig marktækur munur á milli barna sem bjuggu í leiguhúsnæði og barna í eignarhúsnæði, en hlutfall barna sem bjuggu í leiguhúsnæði, af þeim sem bjuggu á heimilum þar sem barn leið skort á þremur sviðum, var 4,4% árið 2018 miðað við 0,2% hjá börnum í eignarhúsnæði.

Verulegan skortur var helst að finna meðal barna sem:

- Bjuggu í leiguhúsnæði (4,4%).
- Áttu foreldra með grunn-, framhalds- eða starfsmenntun (3%).
- Bjuggu hjá einstæðu foreldri (2,8%).

Tafla 5.1.1

Hlutfall barna á aldrinum 1-5 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir bakgrunnsbreytum (%).

		Skortur á tveimur sviðum					
		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpur	6,1	2,0	5,6	2,0	7,6	3,5
	Strákar	5,7	2,0	7,0	2,2	10,1	3,7
BÚSETA	Þéttbýli	5,7	1,7	5,2	1,8	7,6	2,8
	Dreifbýli	6,4	2,5	8,3	2,7	11,3	4,9
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	4,9	1,8	3,3	1,5	8,3	3,3
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	6,9	2,1	9,5	2,6	9,9	4,1
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	4,9	1,4	5,1	1,5	6,2	2,1
	Fædd erlendis	12,9	5,4	11,7	4,4	14,1	6,1
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	6,2	1,7	6,8	1,9	9,4	3,1
	Þrjú eða fleiri börn	5,2	2,4	5,1	2,5	7,4	4,1
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	4,8	1,4	5,8	1,8	3,7	1,6
	Leiguhúsnæði	11,3	4,8	7,4	2,8	20,9	7,1
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	10,1	5,2	6,2	4,3	11,0	6,5
	Tveir foreldrar	5,2	1,4	6,4	1,6	8,4	2,8
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	7,2	9,6	12,5	9,2	19,9	16,9
	Meiri en 50%	5,9	1,4	5,9	1,5	8,3	2,5

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?

Tafla 5.1.2

Hlutfall barna á aldrinum 1-5 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum (%).

		Skortur á þremur sviðum					
		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpur	0,7	0,7	1,9	1,3	1,8	1,6
	Strákar	1,7	1,3	2,4	1,6	1,2	1,6
BÚSETA	Þéttbýli	1,5	1,1	2,2	1,4	2,3	1,8
	Dreifbýli	0,8	0,7	1,9	1,6	0,0	0,0
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	0,4	0,5	2,2	1,5	0,3	0,4
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	1,9	1,3	2,0	1,5	3,0	2,6
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	1,4	0,8	2,6	1,3	1,1	1,1
	Fædd erlendis	0,0	0,0	0,0	0,0	2,3	2,6
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	1,1	0,9	2,2	1,3	1,8	1,6
	Þrjú eða fleiri börn	1,4	1,1	2,0	1,6	0,7	0,9
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	0,6	0,5	0,9	0,7	0,2	0,3
	Leiguhúsnæði	3,7	3,3	4,7	2,9	4,4	3,7
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	4,3	3,8	8,2	5,4	2,8	3,9
	Tveir foreldrar	0,6	0,5	0,9	0,7	1,2	1,1
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	10,0	9,6	24,9	12,3	0,0	0,0
	Meiri en 50%	0,9	0,7	0,4	0,4	1,6	1,2

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?

Kyn

Lítill munur mældist á efnislegum skorti milli 1–5 ára stelpna og stráka. Lítill munur mældist á heildarskorti (skorti á tveimur sviðum) og marktækur munur mældist ekki á stöðu kynjanna á neinu sviði árið 2018. Skortur á sviði klæðnaðar dróst marktækt saman hjá bæði stelpum og strákum árið 2018 miðað við 2014. Skortur á sviði næringar mældist einnig minni hjá báðum hópum árið 2018 miðað við 2014 og var það marktækt í tilfalli stráka. Báðir hópar upplifðu aukinn skort á sviði húsnæðis árið 2018 miðað við 2014.

Áhrif kyns á skort 1–5 ára barna:

- Lítill munur var á skorti stelpna og stráka.
- Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá báðum hópum en skortur jókst á sviði húsnæðis.

Tafla 5.1.3

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og kyni (%).*

	Stelpur						Strákar					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	2,9	1,4	4,3	1,8	2,1	1,7	4,0	1,5	4,0	1,7	1,1	0,8
Klæðnaður	4,0	1,7	5,7	2,0	0,3	0,5	4,1	1,8	7,7	2,7	1,8	1,8
Menntun og umönnun	1,1	0,8	0,7	0,6	2,7	2,3	1,3	0,8	2,3	1,3	3	2,0
Þroski	7,5	2,3	13,4	3,2	13,9	4,5	10,8	2,7	13,1	3,2	15,8	4,2
Upplýsingar	3,3	1,5	1,1	0,9	0,8	0,6	1,9	1,1	1,0	1,0	0,4	0,5
Húsnæði	26,9	3,7	29,1	4,0	43,3	5,5	27,7	3,7	30,3	4,1	40,7	5,4
Skortur á tveimur sviðum	6,1	2,0	5,6	2,0	7,6	3,5	5,7	2,0	7	2,2	10,1	3,7

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

*Barn er talið líða skort á tilteknu sviði ef það býr á heimili þar sem eitthvert barn líður skort á einu eða fleiri atriðum á sviðinu. Tafla 5.1. sýnir atriðin sem spurt er um á hverju sviði fyrir sig.

5.1 Hvað hafði áhrif á skort meðal barna á aldrinum 1–5 ára?

Búseta

Búseta hafði lítil áhrif á efnislegan skort 1–5 ára barna árið 2018. Skortur á sviði húsnæðis jókst meðal barna sem bjuggu í þéttbýli á milli 2014 og 2018. Svo virðist sem skortur á sviði húsnæðis hafi komið síðar fram meðal barna í þéttbýli heldur en barna í dreifbýli, en skortur á sviði húsnæðis jókst talsvert hjá síðarnefnda hópnum á tímabilinu 2009–2014 en tók ekki marktækum breytingum á milli 2014 og 2018. Skortur á sviði þroska jókst umtalsvert hjá börnum í dreifbýli á tímabilinu 2009–2014 og virðist hafa staðið í stað eða aukist lítillega árið 2018. Skortur dróst saman á sviði klæðnaðar hjá báðum hópnum á milli 2014 og 2018. Skortur á sviði næringar dróst einnig saman meðal barna í dreifbýli árið 2018.

Áhrif búsetu á skort 1–5 ára barna:

- Lítil munur var á skorti barna eftir búsetu árið 2018.
- Börn í þéttbýli liðu aukinn skort á sviði húsnæðis árið 2018 miðað við 2014. Skortur á sviði húsnæðis kom síðar fram meðal barna í þéttbýli heldur en barna í dreifbýli.
- Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá báðum hópnum og skortur á sviði næringar dróst saman hjá börnum í dreifbýli.

Tafla 5.1.4

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og búsetu (%).

	Þéttbýli						Dreifbýli					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	3,6	1,3	4,4	1,6	2,0	1,3	3,1	1,6	3,7	1,9	0,7	0,8
Klæðnaður	2,9	1,4	5,0	1,7	1,3	1,4	5,9	2,3	9,6	3,4	0,6	0,9
Menntun og umönnun	1,4	0,8	1,2	0,8	3,1	2,1	0,9	0,8	2,1	1,4	2,4	1,7
Þroski	11,7	2,5	14,4	3,0	13,3	3,5	4,7	2,0	11,3	3,4	17,8	5,8
Upplýsingar	0,9	0,7	1,2	0,8	0,7	0,6	5,6	2,2	0,8	1,1	0,2	0,3
Húsnæði	30,5	3,4	27,9	3,7	44,4	4,9	21,8	4,1	32,9	4,6	37,3	6,3
Skortur á tveimur sviðum	5,7	1,7	5,2	1,8	7,6	2,8	6,4	2,5	8,3	2,7	11,3	4,9

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Menntun foreldra

Bilið á milli barna háskólamenntaðra foreldra og barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun minnkaði á milli áranna 2014 og 2018. Árið 2014 mældist marktækur munur á heildarskorti hópanna, 3,3% hjá börnum háskólamenntaðra og 9,5% hjá börnum foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun, en árið 2018 hafði staða hópanna jafnast. Orsökina er fyrst og fremst sú að heildarskortur barna háskólamenntaðra foreldra jókst marktækt árið 2018, úr 3,3% árið 2014 í 8,3% árið 2018 vegna aukins skorts á sviði húsnæðis. Skortur á sviði húsnæðis kom fyrr fram meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun og var marktækt meiri en meðal barna háskólamenntaðra foreldra árið 2014.

Áhrif menntunar foreldra á skort 1–5 ára barna:

- Bilið á milli barna háskólamenntaðra og barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun minnkaði á milli 2014 og 2018 vegna aukins skorts barna háskólamenntaðra á sviði húsnæðis.
- Aukning á skorti á sviði húsnæðis kom seinna fram hjá börnum háskólamenntaðra, eða árið 2018. Marktæk aukning á skorti á því sviði varð meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun árið 2014 en árið 2018 hjá börnum háskólamenntaðra.

Tafla 5.1.5

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og menntunarstigi foreldra (%).

	Háskólamenntun						Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	2,4	1,3	2,9	1,4	0,7	0,6	4,4	1,5	5,5	2,1	2,8	1,9
Klæðnaður	1,3	0,9	3,8	1,8	0,3	0,4	6,4	2,1	9,8	2,8	2,2	2,1
Menntun og umönnun	0,0	0,0	1,1	0,9	2,5	2,0	2,3	1,1	2,0	1,2	3,4	2,4
Þroski	6,9	2,3	11,9	2,9	11,7	3,7	11,1	2,6	14,7	3,5	19,4	5,1
Upplýsingar	1,7	1,1	0,0	0,0	0,9	0,7	3,4	1,5	2,1	1,3	0,2	0,2
Húsnæði	26,5	3,7	23,8	3,7	41,4	5,1	28,1	3,7	35,9	4,4	43,5	6,0
Skortur á tveimur sviðum	4,9	1,8	3,3	1,5	8,3	3,3	6,9	2,1	9,5	2,6	9,9	4,1

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Uppruni foreldra

Ef litið er til uppruna foreldra mældist verulegur og marktækur munur á stöðu hópanna á sviði húsnæðis árið 2018, en 54,5% barna erlendra foreldra bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á því sviði samanborið við 35,2% barna foreldra fæddra á Íslandi. Engin marktæk breyting varð á öðrum sviðum skorts meðal barna foreldra sem fæddust erlendis. Skortur á sviði klæðnaðar dróst marktækt saman hjá börnum foreldra sem fæddust á Íslandi.

Áhrif uppruna foreldra á heimili á skort 1–5 ára barna:

- Skortur á sviði húsnæðis mældist marktækt meiri meðal barna foreldra sem fæddust erlendis en barna foreldra fæddra á Íslandi árið 2018.
- Engin marktæk breyting varð á öðrum sviðum skorts meðal barna foreldra sem fæddust erlendis, en skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá börnum foreldra sem fæddust á Íslandi.

Tafla 5.1.6

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og uppruna foreldra (%).

	Foreldrar fæddir á Íslandi						Foreldri/ar fæddir erlendis					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	4,0	1,2	3,9	1,4	1,7	1,2	0	0,0	5	2,9	1,2	1,0
Klæðnaður	3,1	1,2	7,3	1,9	0,3	0,5	10,2	4,9	4,2	2,7	2,6	2,6
Menntun og umönnun	1,1	0,6	0,6	0,5	2	1,3	2,1	2,0	5,3	3,0	4,6	3,6
Þroski	8	1,8	13,2	2,6	12,6	2,9	16,2	5,8	13,5	4,8	19,4	6,9
Upplýsingar	2,9	1,1	1,3	0,8	0,9	0,6	1,1	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Húsnæði	26,8	2,8	28,2	3,2	35,2	3,8	30,8	7,3	36,1	6,7	54,5	8,1
Skortur á tveimur sviðum	4,9	1,4	5,1	1,5	6,2	2,1	12,9	5,4	11,7	4,4	14,1	6,1

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Fjöldi barna á heimili

Áhrif vegna fjölda barna á heimili komu fyrst og fremst fram á sviði þroska árið 2018. Hlutfall barna sem liðu skort á sviði þroska árið 2018 og bjuggu á heimilum með einu eða tveimur börnum, var talsvert og marktækt hærra en barna á barnmörgum heimilum. Þá varð marktæk aukning á skorti meðal barna á barnmörgum heimilum á sviði menntunar og umönnunar en hlutfallið hækkaði úr 0,8% í 6,5%. Skortur á sviði menntunar og umönnunar stóð hins vegar í stað meðal barna á heimilum með einu eða tveimur börnum og mældist 1,5% árið 2018. Skortur á sviði næringar dróst marktækt saman hjá börnum á heimilum með einu eða tveimur börnum, úr 3,5% árið 2014 í 1,0% árið 2018. Skortur á sviði húsnæðis virðist hafa aukist hjá báðum hópum á milli 2014 og 2018 og reyndist aukningin marktæk meðal barna á heimilum með einu eða tveimur börnum.

Áhrif fjölda barna á heimili á skort 1–5 ára barna:

- Skortur á sviði þroska mældist umtalsvert meiri meðal barna á heimilum með einu eða tveimur börnum en barna á barnmörgum heimilum árið 2018, eða 18,7% samanborið við 4,8%.
- Aukning varð á skorti á sviði menntunar og umönnunar meðal barna á barnmörgum heimilum á milli 2014 og 2018.
- Skortur á sviði húsnæðis jókst marktækt meðal barna á heimilum með einu eða tveimur börnum á milli 2014 og 2018, úr 29,6% í 43,2%.

Tafla 5.1.7

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og fjölda barna á heimili (%).

	Eitt til tvö börn						Þrjú eða fleiri börn					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	3,1	1,2	3,5	1,4	1	1,0	4,2	1,9	5,7	2,6	3	1,9
Klæðnaður	2,7	1,3	4,5	1,7	1,5	1,3	7,2	2,9	12	3,7	0	0,0
Menntun og umönnun	1,1	0,6	1,9	0,9	1,5	1,5	1,6	1,3	0,8	1,1	6,5	3,8
Þroski	11,0	2,3	16,8	3,0	18,7	4,0	4,7	2,0	4,7	2,3	4,8	2,8
Upplýsingar	2,4	1,1	0,9	0,7	0,8	0,6	2,7	1,7	1,4	1,3	0,0	0,0
Húsnæði	27,8	3,3	29,6	3,5	43,2	4,8	26,2	4,3	30,1	4,9	38,3	6,2
Skortur á tveimur sviðum	6,2	1,7	6,8	1,9	9,4	3,1	5,2	2,4	5,1	2,5	7,4	4,1

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Staða heimilis á húsnæðismarkaði

Töluverður munur var á efnislegum skorti 1–5 ára barna eftir stöðu heimilis á húsnæðismarkaði. Marktækt meiri skortur mældist meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði heldur en barna í eignarhúsnæði á sviðum menntunar og umönnunar, þroska og húsnæðis. Skortur á sviði húsnæðis jókst marktækt hjá báðum hópum og var 33% meðal barna í eignarhúsnæði árið 2018 og 61,8% meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði. Þegar lítið er til heildarskorts, það er skorts á tveimur sviðum, bjuggu 21,3% barna í leiguhúsnæði á heimilum þar sem eitthvert barn upplifði skort árið 2018. Það er aukning um 14% frá árinu 2014 og talsvert hærra hlutfall en meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði. Skortur á sviði næringar dróst marktækt saman meðal barna í eignarhúsnæði á tímabilinu og skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá báðum hópum. Engin marktæk breyting varð á tímabilinu á heildarskorti barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Áhrif stöðu heimilis á húsnæðismarkaði á skort 1–5 ára barna:

- Töluverður munur var á skorti eftir stöðu heimilis á húsnæðismarkaði. Heildarskortur barna sem bjuggu í leiguhúsnæði mældist marktækt meiri en barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.
- Skortur á sviði húsnæðis jókst marktækt hjá báðum hópum á milli 2014 og 2018 og mældist 33% meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði og 61,8% meðal barna í leiguhúsnæði.
- Marktækt meiri skortur mældist á sviðum menntunar og umönnunar, húsnæðis og þroska meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði heldur en barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Tafla 5.1.8

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og stöðu heimilis á húsnæðismarkaði (%).

	Eignarhúsnæði						Leiguhúsnæði					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	3,5	1,2	3,6	1,3	1,3	0,7	3	1,9	5,3	2,6	2,3	2,5
Klæðnaður	3	1,1	2,9	1,2	0,7	0,6	8,7	4,6	14,6	4,3	2,1	2,8
Menntun og umönnun	1,1	0,6	1,3	0,8	0,9	0,8	1,6	1,5	2	1,5	7,2	4,5
Þroski	8,5	1,9	10,4	2,4	10,2	2,7	12,3	4,9	19,0	4,8	25,8	7,7
Upplýsingar	2,2	1,5	0,0	0,0	0,8	0,5	4,5	3,0	3,1	2,1	0,0	0,0
Húsnæði	26,2	2,8	23,9	3,1	33,0	4,0	32,6	7,3	41,5	5,8	61,8	8,2
Skortur á tveimur sviðum	4,8	1,4	5,8	1,8	3,7	1,6	11,3	4,8	7,4	2,8	20,9	7,1

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Heimilisgerð

Marktækur munur mældist ekki á heildarskorti barna einstæðra foreldra og barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum árið 2018, það er skorti á tveimur sviðum. Skortur á sviði næringar dróst marktækt saman meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum á milli 2014 og 2018 og skortur á klæðnaði minnkaði hjá báðum hópum. Hlutfall skorts á sviði húsnæðis jókst úr 26,9% í 43,3% meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum árið 2018. Skortur á sviði húsnæðis kom fyrir fram meðal barna einstæðra foreldra og mældist marktækt hærri en meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum árið 2014. Marktækur munur mældist hins vegar ekki á stöðu hópanna á sviði húsnæðis árið 2018. Skortur á sviði þroska meðal barna einstæðra foreldra jókst verulega frá 2009 til 2014, úr 5,7% í 20,1%, og gekk ekki til baka árið 2018.

Áhrif heimilisgerðar á skort 1–5 ára barna:

- Skortur á sviði húsnæðis meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum jókst marktækt árið 2018 frá 2014 og varð sambærilegur skorti á sviði húsnæðis hjá börnum einstæðra foreldra.
- Skortur minnkaði á sviði næringar hjá börnum einstæðra foreldra og á sviði klæðnaðar hjá báðum hópum.
- Skortur á sviði þroska meðal barna einstæðra foreldra jókst verulega frá 2009 til 2014 og gekk ekki til baka árið 2018.

Tafla 5.1.9

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og heimilisgerð (%).

	Einstætt foreldri						Tveir foreldrar					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	2,6	2,1	2,8	3,1	2,8	3,9	3,6	1,1	4,4	1,3	1,3	0,7
Klæðnaður	12,8	6,1	13,3	6,7	0,0	0,0	2,4	0,9	5,4	1,5	1,3	1,2
Menntun og umönnun	2,3	1,9	0,0	0,0	2,5	3,4	1,0	0,6	1,8	0,9	2,9	1,7
Þroski	5,7	4,8	20,1	7,9	23,6	8,7	9,8	1,9	11,9	2,2	13,0	3,2
Upplýsingar	3,4	3,3	1,8	2,4	0,4	0,6	2,5	1,0	0,9	0,6	0,6	0,5
Húsnæði	38,7	8,7	44,4	9,7	35,5	10,0	25,2	2,7	26,9	2,8	43,3	4,1
Skortur á tveimur sviðum	10,1	5,2	6,2	4,3	11	6,5	5,2	1,4	6,4	1,6	8,4	2,8

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Atvinnuþátttaka á heimili

Marktækur munur mældist á skorti 1–5 ára barna á sviði þroska eftir atvinnuþátttöku á heimili. Skortur á sviði þroska mældist mjög mikill, eða 56,7% með 18% öryggisbili, meðal barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var lægri en 50% samanborið við 12,8% meðal barna á heimilum með meiri atvinnuþátttöku. Þá dróst skortur á sviði klæðnaðar saman hjá báðum hópum á milli 2014 og 2018 og skortur á sviði næringar minnkaði marktækt hjá börnum á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var lægri en 50%. Skortur á sviði húsnæðis jókst meðal barna á heimilum með meiri atvinnuþátttöku árið 2018 og varð sambærilegur skorti á sviði húsnæðis meðal barna á heimilum með minni atvinnuþátttöku. Tekið skal fram að fá svör liggja að baki tölum um börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% árið 2018.

Áhrif atvinnuþátttöku foreldra á skort 1–5 ára barna:

- Hlutfall barna sem liðu skort og bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% var hærra en barna á heimilum með meiri atvinnuþátttöku, eða 56,7% samanborið við 12,8%.
- Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá báðum hópum.
- Skortur á sviði næringar minnkaði meðal barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var lægri en 50%.

Tafla 5.1.10

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atvinnuþátttöku foreldra (%).

	Minni en 50%						Meiri en 50%					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	10,0	9,6	11,1	8,7	0,0	0,0	3,3	1,0	3,7	1,2	1,7	0,9
Klæðnaður	10,0	9,6	17,6	10,5	0,0	0,0	3,9	1,3	5,9	1,6	1,2	1,0
Menntun og umönnun	0,0	0,0	2,5	3,5	0,0	0,0	1,3	0,6	1,5	0,8	3,0	1,6
Þroski	21,9	14,1	36,4	13,7	56,7	18,0	8,8	1,8	11,6	2,1	12,8	2,9
Upplýsingar	0,0	0,0	4,1	5,6	0,0	0,0	2,7	1,0	0,8	0,6	0,6	0,4
Húsnæði	51,9	18,0	56,1	13,6	55,3	17,5	26,7	2,7	27,8	2,9	41,1	4,0
Skortur á tveimur sviðum	7,2	9,6	12,5	9,2	19,9	16,9	5,9	1,4	5,9	1,5	8,3	2,5

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

5.2 Hvað skorti börn á aldrinum 1–5 ára?

Næring

Á sviði næringar var spurt hvort börn á heimilinu fengju grænmeti og ávexti daglega og að minnsta kosti eina kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð á hverjum degi. Niðurstöður benda til þess að skortur á sviði næringar hafi dregist saman hjá öllum hópum á milli árána 2014 og 2018, nema hjá börnum einstæðra foreldra þar sem hlutfallið stóð í stað í 2,8%.

Mestur skortur á sviði næringar 1–5 ára barna:

- Börn á heimilum með þremur eða fleiri börnum (3%).
- Börn einstæðra foreldra (2,8%).
- Börn foreldra með grunn- framhalds- eða starfsmenntun (2,8%).

Tafla 5.2.1

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði næringar (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	2,9	4,0	4,3	5,9	2,1	3,0
	Strákur	4,0	5,5	4,0	5,6	1,1	1,5
BÚSETA	Þéttbýli	3,6	1,3	4,4	1,6	2,0	1,3
	Dreifbýli	3,1	1,6	3,7	1,9	0,7	0,8
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	2,4	1,3	2,9	1,4	0,7	0,6
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	4,4	1,5	5,5	2,1	2,8	1,9
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	4,0	1,2	3,9	1,4	1,7	1,2
	Fædd erlendis	0,0	0,0	5,0	2,9	1,2	1,0
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	3,1	1,2	3,5	1,4	1,0	1,0
	Þrjú eða fleiri börn	4,2	1,9	5,7	2,6	3,0	1,9
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKADI	Eignarhúsnæði	3,5	1,2	3,6	1,3	1,3	0,7
	Leiguhúsnæði	3,0	1,9	5,3	2,6	2,3	2,5
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	2,6	2,1	2,8	3,1	2,8	3,9
	Tveir foreldrar	3,6	1,1	4,4	1,3	1,3	0,7
ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	10,0	9,6	11,1	8,7	0,0	0,0
	Meiri en 50%	3,3	1,0	3,7	1,2	1,7	0,9

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Klæðnaður

Á sviði klæðnaðar var spurt hvort börn á heimilinu ættu að minnsta kosti tvö pör af skóm sem pössuðu og hvort þau ættu föt sem þau hefðu fengið ný, það er sem enginn annar hafði átt. Árið 2018 mældist skortur á sviði klæðnaðar minni með tilliti til allra bakgrunnsbreyta og voru breytingarnar marktækar í langflestum tilfellum. Lækkunin var veruleg hjá mörgum hópum, svo sem meðal barna sem bjuggu á heimilum með litla atvinnupátttöku, barna einstæðra foreldra, barna í leiguhúsnæði og barna á barnmörgum heimilum.

Mestur skortur á sviði klæðnaðar 1–5 ára barna:

- Börn foreldra sem fæddust erlendis (2,6%).
- Börn foreldra með grunn-, framhalds- eða starfsmenntun (2,2%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (2,1%).

Tafla 5.2.2

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði klæðnaðar (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	4,0	1,7	5,7	2,0	0,3	0,5
	Strákur	4,1	1,8	7,7	2,7	1,8	1,8
BÚSETA	Þéttbýli	2,9	1,4	5,0	1,7	1,3	1,4
	Dreifibýli	5,9	2,3	9,6	3,4	0,6	0,9
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	1,3	0,9	3,8	1,8	0,3	0,4
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	6,4	2,1	9,8	2,8	2,2	2,1
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	3,1	1,2	7,3	1,9	0,3	0,5
	Fædd erlendis	10,2	4,9	4,2	2,7	2,6	2,6
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	2,7	1,3	4,5	1,7	1,5	1,3
	Þrjú eða fleiri börn	7,2	2,9	12,0	3,7	0,0	0,0
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	3,0	1,1	2,9	1,2	0,7	0,6
	Leiguhúsnæði	8,7	4,6	14,6	4,3	2,1	2,8
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	12,8	6,1	13,3	6,7	0,0	0,0
	Tveir foreldrar	2,4	0,9	5,4	1,5	1,3	1,2
ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	10,0	9,6	17,6	10,5	0,0	0,0
	Meiri en 50%	3,9	1,3	5,9	1,6	1,2	1,0

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Menntun og umönnun

Á sviði menntunar og umönnunar var spurt hvort barn á aldrinum 3–5 ára væri í dagvistun í eina klukkustund eða meira í viku. Gögnin vísa til einstakra barna þar sem spurt var um hvert og eitt barn sem býr á heimili. Dagvistun getur verið leikskóli, dvöl hjá dagforeldri, umönnun ættingja eða fjölskylduvina, dvöl á dagvistunarstofnun eða –miðstöð eða grunnskóli. Í Evrópsku lífskjararannsókninni er gengið út frá því að börn á aldrinum 1–2 ára séu í umsjá foreldra sinna og líði því ekki skort á þessu sviði. Skortur á sviði menntunar og umönnunar tók litlum breytingum á milli ára. Undantekningin eru börn sem búa á heimilum með þremur eða fleiri börnum, en meðal þeirra jókst skortur á sviði menntunar marktækt úr 0,8% árið 2014 í 6,5% árið 2018.

Mestur skortur á sviði menntunar og umönnunar meðal 1–5 ára barna:

- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (7,2%).
- Börn sem bjuggu á heimilum með þremur eða fleiri börnum (6,5%).
- Börn foreldra sem fæddust erlendis (4,6%).

Tafla 5.2.3

Hlutfall 3–5 ára barna sem liðu skort á sviði menntunar og umönnunar (voru ekki í dagvistun í a.m.k. 1 klukkustund eða meira í viku) (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	1,1	0,8	0,7	0,6	2,7	2,3
	Strákur	1,3	0,8	2,3	1,3	3,0	2,0
BÚSETA	Þéttbýli	1,4	0,8	1,2	0,8	3,1	2,1
	Dreifbýli	0,9	0,8	2,1	1,4	2,4	1,7
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	0,0	0,0	1,1	0,9	2,5	2,0
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	2,3	1,1	2,0	1,2	3,4	2,4
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	1,1	0,6	0,6	0,5	2,0	1,3
	Fædd erlendis	2,1	2,0	5,3	3,0	4,6	3,6
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	1,1	0,6	1,9	0,9	1,5	1,5
	Þrjú eða fleiri börn	1,6	1,3	0,8	1,1	6,5	3,8
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	1,1	0,6	1,3	0,8	0,9	0,8
	Leiguhúsnæði	1,6	1,5	2,0	1,5	7,2	4,5
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	2,3	1,9	0,0	0,0	2,5	3,4
	Tveir foreldrar	1,0	0,6	1,8	0,9	2,9	1,7
ATVINNUÞÁTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	0,0	0,0	2,5	3,5	0,0	0,0
	Meiri en 50%	1,3	0,6	1,5	0,8	3,0	1,6

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Proski

Á sviði þroska var spurt hvort börn á heimilinu ættu bækur sem hentuðu aldri, hvort þau ættu leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að nota utandyra og leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika með innandyra. Þá var spurt hvort börn héldu upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og hvort þau fengju að bjóða vinum sínum heim.

Árið 2014 hafði áætlaður skortur á sviði þroska aukist og árið 2018 var staðan óbreytt þrátt fyrir betri efnahagslega stöðu í landinu. Mælingar benda jafnvel til þess að skortur á sviði þroska hafi aukist á milli 2014 og 2018 en aukningin mældist ekki marktæk hjá neinum hópi. Líkt og tafla 5.1. sýnir vó fjöldi barna sem fékk ekki að bjóða vinum sínum heim þar þýngst en skortur á öðrum atriðum á sviði þroska mældist lítil.

Þetta gæti komið til vegna þess að börn á þessum aldri bjóði síður vinum heim til sín heldur en eldri börn. Þá mætti einnig skoða tengsl þessa þáttar við þröngbýli en talsverð skörun mældist á skorti á sviði húsnæðis og þroska árið 2018 líkt og mynd 5.3. sýnir. Áhugavert væri að rannsaka orsakir þessa nánar.

Ef lítið er til bakgrunnsbreyta var áætlaður skortur á sviði þroska mestur meðal barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50%.

Mestur skortur á sviði þroska 1–5 ára barna:

- Börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% (56,7%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (25,8%).
- Börn einstæðra foreldra (23,6%).

Tafla 5.2.4

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði þroska (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	7,5	2,3	13,4	3,2	13,9	4,5
	Strákur	10,8	2,7	13,1	3,2	15,8	4,2
BÚSETA	Þéttbýli	11,7	2,5	14,4	3,0	13,3	3,5
	Dreifbýli	4,7	2,0	11,3	3,4	17,8	5,8
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	6,9	2,3	11,9	2,9	11,7	3,7
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	11,1	2,6	14,7	3,5	19,4	5,1
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	8,0	1,8	13,2	2,6	12,6	2,9
	Fædd erlendis	16,2	5,8	13,5	4,8	19,4	6,9
FJÖLDI BARNNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	11,0	2,3	16,8	3,0	18,7	4,0
	Þrjú eða fleiri börn	4,7	2,0	4,7	2,3	4,8	2,8
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKADI	Eignarhúsnæði	8,5	1,9	10,4	2,4	10,2	2,7
	Leiguhúsnæði	12,3	4,9	19,0	4,8	25,8	7,7
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	5,7	4,8	20,1	7,9	23,6	8,7
	Tveir foreldrar	9,8	1,9	11,9	2,2	13,0	3,2
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	21,9	14,1	36,4	13,7	56,7	18,0
	Meiri en 50%	8,8	1,8	11,6	2,1	12,8	2,9

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Upplýsingar

Á sviði upplýsinga var spurt hvort börn hefðu aðgang að tölvu og interneti á heimilinu. Skemmst er frá því að segja að skortur á upplýsingum mælist afar lítill á Íslandi. Árið 2018 hafði hann aukist örlítið meðal barna háskólamenntaðra og barna sem bjuggu í eignarhúsnæði frá 2014 en dregist saman meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun, barna sem bjuggu í leiguhúsnæði og barna sem bjuggu á heimilum með þremur eða fleiri börnum. Árið 2018 mældist nær enginn skortur á sviði upplýsinga.

Tafla 5.2.5

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði upplýsinga (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	3,3	1,5	1,1	0,9	0,8	0,6
	Strákur	1,9	1,1	1,0	1,0	0,4	0,5
BÚSETA	Þéttbýli	0,9	0,7	1,2	0,8	0,7	0,6
	Dreifbýli	5,6	2,2	0,8	1,1	0,2	0,3
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	1,7	1,1	0,0	0,0	0,9	0,7
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	3,4	1,5	2,1	1,3	0,2	0,2
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	2,9	1,1	1,3	0,8	0,9	0,6
	Fædd erlendis	1,1	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0
FJÖLDI BARNNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	2,4	1,1	0,9	0,7	0,8	0,6
	Þrjú eða fleiri börn	3,2	1,8	1,4	1,3	0,0	0,0
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	2,2	1,5	0,0	0,0	0,8	0,5
	Leiguhúsnæði	4,5	3,0	3,1	2,1	0,0	0,0
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	3,4	3,3	1,8	2,4	0,4	0,6
	Tveir foreldrar	2,5	1,0	0,9	0,6	0,6	0,5
ATVINNUPÁTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	0,0	0,0	4,1	5,6	0,0	0,0
	Meiri en 50%	2,7	1,0	0,8	0,6	0,6	0,4

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Húsnæði

Á sviði húsnæðis var spurt hvort barn á heimilinu byggi við þröngbýli, hvort aðgengi væri að baðkari eða sturtu, hvort þar væri salerni, hvort næg birta kæmi inn um gluggana og hvort raki væri til staðar í húsnæðinu.

[Þröngbýli]

Þröngbýli er metið út frá fjölda herbergja á heimilinu og fjölda og samsetningu heimilisfólks. Barn er talið búa við þröngbýli ef heimili þess uppfyllir ekki eftirfarandi skilyrði: að minnsta kosti eitt sameiginlegt herbergi fyrir heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12–17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir tólf ára aldri. Þannig telst barn til dæmis búa við þröngbýli ef það deilir herbergi með foreldrum sínum eftir eins árs aldur. Barn telst einnig búa við þröngbýli ef það deilir herbergi með fleiri en einu systkini sínu og ef það deilir herbergi með systkini af öðru kyni eftir tólf ára aldur.

Áætlaður skortur á sviði húsnæðis jókst hjá öllum hópum á milli 2014 og 2018 að undanskildum börnum einstæðra foreldra. Meðal þeirra mældist þegar mikill skortur á sviði húsnæðis árið 2014, eða 44,4%, og hann tók ekki marktækum breytingum árið 2018. Mestur reyndist skorturinn vera meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði, eða 61,8%. Í síðustu skýrslu UNICEF um skort barna á Íslandi kom fram að húsnæðisverð hafði hækkað mikið frá 2009 og að hlutfall þeirra sem byggju við íþyngjandi húsnæðisbyrði hefði aukist samkvæmt Hagstofu Íslands (Lovísa Arnardóttir, 2016). Sú þróun hefur haldið áfram og mældist mikill skortur á sviði húsnæðis meðal allra hópa árið 2018.

Mestur skortur á sviði húsnæðis 1–5 ára barna:

- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (61,8%).
- Börn á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50% (55,3%).
- Börn foreldra sem fæddust erlendis (54,5%).

Tafla 5.2.6

Hlutfall 1-5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði húsnæðis (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	26,9	3,7	29,1	4,0	43,3	5,5
	Strákur	27,7	3,7	30,3	4,1	40,7	5,4
BÚSETA	Þéttbýli	30,5	3,4	27,9	3,7	44,4	4,9
	Dreifbýli	21,8	4,1	32,9	4,6	37,3	6,3
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	26,5	3,7	23,8	3,7	41,4	5,1
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	28,1	3,7	35,9	4,4	43,5	6,0
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	26,8	2,8	28,2	3,2	35,2	3,8
	Fædd erlendis	30,8	7,3	36,1	6,7	54,5	8,1
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	27,8	3,3	29,6	3,5	43,2	4,8
	Þrjú eða fleiri börn	26,2	4,3	30,1	4,9	38,3	6,2
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKADI	Eignarhúsnæði	26,2	2,8	23,9	3,1	33,0	4,0
	Leiguhúsnæði	32,6	7,3	41,5	5,8	61,8	8,2
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	38,7	8,7	44,4	9,7	35,5	10,0
	Tveir foreldrar	25,2	2,7	26,9	2,8	43,3	4,1
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	51,9	18,0	56,1	13,6	55,3	17,5
	Meiri en 50%	26,7	2,7	27,8	2,9	41,1	4,0

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6 Skortur barna grunnskólaaldri (6–15 ára)



Við greiningu á skorti barna á aldrinum 6–15 ára voru spurningar lífshjararannsóknar Evrópusambandsins flokkaðar í sjö svið sem endurspegla grunnþarfir og réttindi barna. Sviðin eru: *næring, klæðnaður, menntun, tómstundir, félagslíf, upplýsingar og húsnæði*. Undir hverju sviði eru 2–5 spurningar og sýnir tafla 6.1. hvernig skorturinn skiptist innan hvers sviðs. Við hvert svið er jafnframt tekið saman hlutfall þeirra sem skortir eitt eða fleira innan sviðsins. Samkvæmt aðferðum skortgreiningarinnar telst barn líða skort á tilteknu sviði ef það skortir eitt eða fleiri atriði á því sviði.

Heilt yfir minnkaði skortur 6–15 ára barna á sviði *næringar, klæðnaðar, menntunar og tómstunda* á milli 2014 og 2018. Á sviði tómstunda vekur athygli að áætlaður skortur á íþróttum, tónlist eða öðru barna- eða ungmennastarfi jókst verulega árið 2014. Árið 2018 hafði staðan batnað en skorturinn þó ekki gengið til baka að fullu og var enn tæp 17%. Áætlaður skortur jókst nokkuð á sviði húsnæðis, eða um tæp 6% og var aukið þröngbýli þar atkvæðamest. Skortur stóð í stað á sviði félagslífs og upplýsinga.

6. Skortur barna grunnskólaaldri (6–15 ára)

Tafla 6.1

Hlutfall barna á aldrinum 6-15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atriðum (%).

Svið	Spurningar	2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
NÆRING	Skortir eitt eða meira	4,9	<i>0,9</i>	6,0	<i>1,1</i>	3,3	<i>0,8</i>
	Fær ekki a.m.k. eina kjöt-, fisk- eða grænmetis máltíð daglega	1,8	<i>0,6</i>	3,5	<i>0,9</i>	1,9	<i>0,6</i>
	Fær ekki einn ávöxt eða grænmeti daglega	3,4	<i>0,7</i>	3,3	<i>0,8</i>	1,7	<i>0,6</i>
KLÆÐNAÐUR	Skortir eitt eða meira	4,2	<i>0,9</i>	4,0	<i>0,9</i>	1,4	<i>0,6</i>
	Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa	2,0	<i>0,6</i>	2,7	<i>0,7</i>	1,1	<i>0,6</i>
	Á ekki ný fót, þ.e. fót sem enginn annar hefur átt	2,2	<i>0,7</i>	1,6	<i>0,5</i>	0,2	<i>0,2</i>
MENNTUN	Skortir eitt eða meira	2,0	<i>0,6</i>	3,4	<i>0,8</i>	2,0	<i>0,6</i>
	Getur ekki tekið þátt í ferðum/viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga	1,8	<i>0,6</i>	3,1	<i>0,7</i>	1,3	<i>0,5</i>
	Skortir aðstöðu til heimanáms á heimilinu	0,3	<i>0,2</i>	0,4	<i>0,3</i>	0,7	<i>0,4</i>
TÓMSTUNDIR	Skortir eitt eða meira	9,8	<i>1,2</i>	26,5	<i>1,9</i>	18,5	<i>1,7</i>
	Á ekki leikföng, spil eða tölvuleiki til að leika með innandyra	0,2	<i>0,2</i>	1,2	<i>0,5</i>	0,0	<i>0,1</i>
	Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að leika með utandyra	1,1	<i>0,4</i>	2,1	<i>0,6</i>	1,1	<i>0,5</i>
	Á ekki bækur sem henta aldri	0,8	<i>0,4</i>	2,6	<i>0,7</i>	1,3	<i>0,4</i>
	Stundar ekki íþróttir, tónlist eða annað barna eða ungl-ingastarf	8,1	<i>1,1</i>	23,4	<i>1,8</i>	16,9	<i>1,7</i>
FÉLAGSLÍF	Skortir eitt eða meira	1,1	<i>0,5</i>	2,5	<i>0,7</i>	1,9	<i>0,6</i>
	Fær ekki að bjóða vinum sínum heim til að leika við eða borða með	0,2	<i>0,1</i>	0,9	<i>0,4</i>	0,7	<i>0,4</i>
	Heldur ekki upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu	1,0	<i>0,5</i>	1,7	<i>0,6</i>	1,2	<i>0,5</i>
UPPLÝSINGAR	Skortir eitt eða meira	0,8	<i>0,4</i>	1,0	<i>0,5</i>	1,4	<i>0,6</i>
	Hefur ekki aðgengi að interneti á heimilinu	0,7	<i>0,4</i>	0,7	<i>0,4</i>	0,2	<i>0,2</i>
	Hefur ekki aðgengi að tölvu á heimilinu	0,4	<i>0,3</i>	0,8	<i>0,4</i>	1,4	<i>0,6</i>
HÚSNÆÐI	Skortir eitt eða meira	24,9	<i>1,8</i>	29,8	<i>2,0</i>	35,7	<i>2,2</i>
	Býr við þröngbýli ⁴	5,9	<i>0,9</i>	9,8	<i>1,3</i>	10,4	<i>1,6</i>
	Ekki næg dagsbirta inn um gluggana á heimili	1,5	<i>0,5</i>	3,3	<i>0,9</i>	1,8	<i>0,7</i>
	Raki til staðar á heimili	20,1	<i>1,7</i>	21,5	<i>1,8</i>	24,8	<i>2,0</i>
	Hefur ekki aðgengi að salerni eða sturtu/baðkari á heimili	0,0	<i>0,0</i>	0,3	<i>0,2</i>	0,2	<i>0,2</i>

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

⁴ Barn er talið búa við þröngbýli ef heimili þess uppfyllir ekki eftirfarandi skilyrði: að minnsta kosti eitt sameiginlegt herbergi fyrir heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12–17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri.

Umfang skorts

Umfang skorts meðal 6–15 ára barna stóð að mestu í stað milli áranna 2014 og 2018 (tafla 6.2.). Árið 2014 hafði umfang skorts meðal barna í þessum aldurshópi aukist töluvert frá árinu 2009 og hafði aukningin ekki gengið að fullu til baka fjórum árum síðar. Skortur á tveimur sviðum meðal 6–15 ára barna jókst ef litið er til tímabilsins í heild. Það má helst rekja til aukins skorts á sviði húsnæðis.

Árið 2018 komu 52% barna á aldrinum 6–15 ára frá heimilum þar sem ekkert barn leið skort. Hlutfallið stóð í stað frá árinu 2014 en árið 2009 hafði það verið marktækt hærra, eða 61,6%. 35,1% barna komu frá heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á einu sviði árið 2018 og er það sama hlutfall og mældist árið 2014. Skortur á tveimur sviðum stóð í stað frá árinu 2014 og mældist 10,8% en skortur á þremur sviðum minnkaði marktækt og mældist 1,8% árið 2018. Skortur á fjórum sviðum var mjög lítil árið 2018 og mældist 0,3%.

Tafla 6.2

Umfang skorts meðal 6-15 ára barna á Íslandi (%).

Svið	2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Skortir ekkert	61,6	2,0	49,5	2,2	52	2,3
Skortur á einu sviði	31,1	1,9	35,1	2,1	35,1	2,2
Skortur á tveimur sviðum	5,6	1,0	10,6	1,4	10,8	1,4
Skortur á þremur sviðum	1,4	0,5	3,3	0,8	1,8	0,6
Skortur á fjórum sviðum	0,2	0,2	1,0	0,4	0,3	0,4

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6.1 Hvað hafði áhrif á skort barna á aldrinum 6–15 ára?

Til þess að varpa frekara ljósi á hvaða hópar eru sérlega útsettir fyrir skorti var bakgrunnur barna skoðaður sérstaklega. Þar var litið til kyns barna, búsetu, menntunar foreldra, uppruna foreldra, fjölda barna á heimili, stöðu heimilis á húsnæðismarkaði, heimilisgerðar og atvinnupátttöku foreldra. Allt eru þetta mögulegir áhrifapættir á stöðu barna.

Samkvæmt aðferðum skortgreiningarinnar telst barn líða skort ef það skortir eitthvað á tveimur ólíkum sviðum. Til einföldunar er hugtakið heildarskortur víða notað yfir skort á tveimur sviðum í þessari skýrslu. Ef barn skortir eitthvað á þremur ólíkum sviðum telst það líða verulegan skort.

Þrátt fyrir að skortur á tveimur sviðum hafi heilt yfir staðið í stað hjá 6–15 ára börnum milli áranna 2014 og 2018 kemur töluverður breytileiki í ljós þegar bakgrunnspættir barna eru skoðaðir. Árið 2018 hafði skortur á tveimur sviðum aukist marktækt meðal barna í þéttbýli og barna foreldra með háskólamenntun frá árinu 2014. Það skýrist af auknum skorti þessara hópa á sviði húsnæðis en skortur þeirra stóð í stað eða minnkaði á öllum öðrum sviðum. Skortur á tveimur sviðum minnkaði hins vegar marktækt meðal barna í dreifbýli og barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50%, meðal annars vegna minni skorts á sviði klæðnaðar og félagslífs. Hjá öðrum hópum mældist ekki marktæk breyting árið 2018. Skortur á tveimur sviðum mældist mestur meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði og barna sem bjuggu á heimilum með þremur eða fleiri börnum.

Skortur á tveimur sviðum mældist marktækt meiri meðal barna foreldra með grunn- og framhaldsmenntun, barna á barnmörgum heimilum og barna sem bjuggu í leiguhúsnæði heldur en barna háskólamenntaðra, barna á heimilum með einum eða tveimur börnum og barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Skort var helst að finna meðal:

- Barna sem bjuggu í leiguhúsnæði (17,4%).
- Barna á heimilum með þremur eða fleiri börnum (16,2%).
- Barna einstæðra foreldra (14,7%).

6.1 Hvað hafði áhrif á skort barna á aldrinum 6–15 ára?

Tafla 6.1.1

Hlutfall barna á aldrinum 6 - 15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir bakgrunnsbreytum (%).

		Skortur á tveimur sviðum					
		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpur	5,4	1,4	10,3	1,9	11,4	2,2
	Strákar	5,8	1,4	10,9	2,1	10,2	1,8
BÚSETA	Þéttbýli	5,4	1,3	7,7	1,6	12,1	1,9
	Dreifbýli	5,9	1,6	15,4	2,6	8,4	2,2
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	1,9	0,8	4,8	1,3	8,8	1,8
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	8,3	1,6	18,6	2,8	13,8	2,4
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	5,2	1,0	11,3	1,6	10,5	1,5
	Fædd erlendis	8,5	3,5	6,6	2,7	11,6	3,9
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	5,5	1,2	9,2	1,7	8,4	1,5
	Þrjú eða fleiri börn	5,9	2,0	13,4	2,5	16,2	3,1
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	5,2	1,0	7,3	1,3	9,1	1,3
	Leiguhúsnæði	9,0	4,4	24,7	4,6	17,4	4,6
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	13,3	3,9	17,0	4,3	14,7	4,4
	Tveir foreldrar	3,7	0,8	8,7	1,3	9,9	1,4
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	22,1	14,3	24,9	8,1	6,3	8,4
	Meiri en 50%	5,2	1,0	9,3	1,3	10,9	1,4

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6.1 Hvað hafði áhrif á skort barna á aldrinum 6–15 ára?

Skortur á þremur sviðum jókst talsvert árið 2014 frá 2009 en minnkaði aftur árið 2018. Meðal stráka hafði verulegur skortur til að mynda aukist úr 1,8% í 4,5% milli árána 2009 og 2014 en lækkaði aftur í 1,7% árið 2018. Þá hafði hlutfallið einnig lækkað marktækt meðal barna háskólamenntaðra foreldra, barna foreldra sem fæddust á Íslandi, barna sem bjuggu í eignarhúsnæði og barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var meiri en 50%. Skortur á þremur sviðum tók ekki marktækum breytingum meðal annarra hópa árið 2018. Verulegur skortur mældist hæstur meðal barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50%.

Verulegan skort var helst að finna meðal:

- Barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% (21,7%).
- Barna sem bjuggu í leiguhúsnæði (5,1%).
- Barna einstæðra foreldra (4,6%).

Tafla 6.1.2

Hlutfall barna á aldrinum 6-15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum (%).

		Skortur á þremur sviðum					
		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpur	1,1	0,6	2,1	1,0	2,0	1,0
	Strákar	1,8	0,8	4,5	1,3	1,7	0,8
BÚSETA	Þéttbýli	1,4	0,6	3,2	1,1	1,8	0,7
	Dreifbýli	1,5	0,8	3,7	1,3	1,9	1,1
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	0,3	0,3	2,3	0,9	0,4	0,3
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	2,3	0,8	4,8	1,5	4,0	1,5
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	1,0	0,4	3,3	0,9	1,7	0,6
	Fædd erlendis	5,1	3,0	3,6	2,1	2,4	1,7
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	1,7	0,6	3,5	1,0	1,8	0,8
	Þrjú eða fleiri börn	0,7	0,6	3,0	1,4	1,9	1,0
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	1,2	0,5	2,7	0,8	1,0	0,5
	Leiguhúsnæði	3,0	2,3	5,9	2,5	5,1	2,4
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	3,2	1,7	7,0	2,7	4,6	2,4
	Tveir foreldrar	1,0	0,5	2,3	0,7	1,2	0,5
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	3,3	4,5	9,1	4,9	21,7	11,2
	Meiri en 50%	1,4	0,5	2,9	0,8	1,1	0,5

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6.1 Hvað hafði áhrif á skort barna á aldrinum 6–15 ára?

Kyn

Heildarskortur 6–15 ára stelpna og stráka, það er skortur á tveimur sviðum, jókst árið 2014 og hafði ekki minnkað aftur árið 2018. Munur á milli kynja kom helst fram á sviði félagslífs en á því sviði mældist marktækt meiri skortur meðal drengja heldur en stúlkna árin 2014 og 2018. Árið 2018 mældist skortur á sviði félagslífs 2,7% hjá drengjum miðað við 0,9% hjá stúlkum. Skortur á öðrum sviðum mældist sambærilegur meðal stúlkna og drengja. Skortur á sviði tómstunda jókst mikið hjá báðum kynjum árið 2014 og gekk ekki að fullu til baka árið 2018. Hann mældist 19,9% meðal drengja og 17,3% meðal stúlkna árið 2018 og má helst rekja það til mikils fjölda barna sem voru ekki í tómstundum. Skortur dróst saman á sviði klæðnaðar hjá bæði stúlkum og drengjum.

Áhrif kyns á skort 6–15 ára barna:

- Lítil munur var á heildarskorti stelpna og stráka, það er skorti á tveimur sviðum.
- Marktækt hærra hlutfall drengja en stelpna leið skort á sviði félagslífs árin 2014 og 2018.
- Skortur á tómstundum gekk ekki að fullu til baka árið 2018 eftir að hafa aukist árið 2014 og mældist áfram hár, bæði meðal stúlkna og drengja.

Tafla 6.1.3

Hlutfall 6-15 ára barna sem búa á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og kyni (%).*

	Stelpur						Strákar					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	4,9	1,3	5,3	1,4	3,2	1,2	4,9	1,3	6,6	1,7	3,4	1,0
Klæðnaður	3,7	1,1	3,6	1,2	0,8	0,7	4,6	1,4	4,4	1,3	1,8	1,0
Menntun	1,2	0,7	3,8	1,2	1,6	0,9	2,8	1,0	3,2	1,0	2,3	0,9
Tómstundir	9,2	1,6	25,7	2,7	19,9	2,7	10,3	1,7	27,2	2,7	17,3	2,2
Félagslíf	0,9	0,7	1,6	0,7	0,9	0,4	1,4	0,7	3,5	1,2	2,7	1,1
Upplýsingar	1,1	0,6	1,2	0,7	1,8	1,1	0,6	0,5	0,9	0,7	0,9	0,5
Húsnæði	25,3	2,6	29,8	2,8	36,1	3,3	24,4	2,5	29,8	2,8	35,3	3,1
Skortur á tveimur sviðum	5,4	1,4	10,3	1,9	11,4	2,2	5,8	1,4	10,9	2,1	10,2	1,8

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

* Barn er talið líða skort á tilteknu sviði ef það býr á heimili þar sem eitthvert barn líður skort á einu eða fleiri atriðum á sviðinu. Tafla 6.1. sýnir atriðin sem spurt er um á hverju sviði fyrir sig.

Búseta

Áhrif búsetu á skort 6–15 ára barna komu helst fram á sviði húsnæðis og félagslífs. Skortur á sviði félagslífs mældist marktækt meiri meðal barna í þéttbýli en barna í dreifbýli árið 2018, eða 2,6% miðað við 0,7%. Þá virðist skortur á sviði húsnæðis hafa komið fram á ólíkum tímapunktum meðal hópanna. Skortur á sviði húsnæðis jókst marktækt meðal barna í dreifbýli árið 2014, í 34,7% og hélst stöðugur árið 2018. Meðal barna í þéttbýli kom skorturinn síðar fram. Hann tók ekki marktækum breytingum árið 2014 en jókst árið 2018 í 37,4%.

Heildarskortur barna í þéttbýli hafði ekki aukist árið 2014 en jókst marktækt árið 2018 og má rekja það fyrst og fremst til fyrrnefndrar aukningar á skorti á sviði húsnæðis. Í dreifbýli jókst heildarskortur árið 2014 og lækkaði aftur árið 2018. Þar hafði áhrif aukning á skorti á sviði tómstunda, félagslífs og húsnæðis árið 2014, en minni skortur á sviði klæðnaðar, tómstunda og félagslífs árið 2018.

Áhrif búsetu á skort 6–15 ára barna:

- Heildarskortur barna í þéttbýli jókst árið 2018 en í dreifbýli jókst skortur árið 2014 og minnkaði aftur árið 2018.
- Árið 2018 bjuggu 21,7% barna í dreifbýli á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda og 16,6% barna í þéttbýli.
- Skortur á sviði húsnæðis kom seinna fram í þéttbýli heldur en í dreifbýli og birtist fyrst 2018.

Tafla 6.1.4

Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og búsetu (%).

	Þéttbýli						Dreifbýli					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	5,0	1,1	5,6	1,4	3,3	0,9	4,8	1,6	6,5	1,8	3,4	1,5
Klæðnaður	3,5	1,1	3,3	1,0	1,8	0,9	5,2	1,5	5,2	1,6	0,6	0,5
Menntun	1,8	0,8	3,8	1,1	1,7	0,7	2,4	1,0	2,9	1,0	2,4	1,3
Tómstundir	9,2	1,5	24,4	2,5	16,6	2,0	10,6	1,9	29,8	3,0	21,7	3,1
Félagslíf	1,1	0,6	1,4	0,7	2,6	1,0	1,2	0,8	4,4	1,4	0,7	0,4
Upplýsingar	0,5	0,4	1,3	0,7	0,9	0,5	1,4	0,8	0,6	0,5	2,1	1,3
Húsnæði	27,3	2,4	26,8	2,5	37,4	2,8	21,1	2,6	34,7	3,2	32,7	3,7
Skortur á tveimur sviðum	5,4	1,3	7,7	1,6	12,1	1,9	5,9	1,6	15,4	2,6	8,4	2,2

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Menntun foreldra

Töluverður munur var á skorti 6–15 ára barna eftir menntun foreldra. Heildarskortur barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun var marktækt meiri en barna foreldra með háskólamenntun öll árin en bilið minnkaði árið 2018 miðað við 2014. Heildarskortur barna háskólamenntaðra jókst á milli 2014 og 2018 og skýrist það af auknum skorti á sviði húsnæðis, þá sérstaklega vegna þröngbýlis og raka. Árið 2018 mældist marktækt meiri skortur á meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun heldur en barna háskólamenntaðra á sviðum næringar, menntunar, tómstunda, félagslífs og húsnæðis. Skortur á sviði húsnæðis kom seinna fram hjá börnum foreldra með háskólapróf og jókst árið 2018, en meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun hafði hann aukist marktækt árið 2014. Skortur á sviði tómstunda dróst saman meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun árið 2018 en var enn 23,2%.

Áhrif menntunar foreldra á skort 6–15 ára barna:

- Töluverður munur var á skorti barna eftir menntun foreldra öll árin. Börn foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun bjuggu almennt við meiri skort en börn háskólamenntaðra.
- Heildarskortur barna háskólamenntaðra jókst milli 2014 og 2018, úr 4,8% í 8,8%, og skýrist það af auknum skorti á sviði húsnæðis.
- Skortur á sviði tómstunda minnkaði meðal barna foreldra með grunn- eða framhaldsmenntun árið 2018 en enn bjó tæplega fjórðungur þeirra á heimili þar sem eitthvert barn upplifði skort á tómstundum.

Tafla 6.1.5

Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og menntun foreldra (%).

	Háskólamenntun						Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	5,2	1,4	4,1	1,3	1,6	0,6	4,7	1,2	8,7	1,9	5,9	1,7
Klæðnaður	2,4	1,1	2,1	0,8	1,2	0,9	5,5	1,3	6,8	1,8	1,7	0,7
Menntun	1,2	0,7	3,6	1,1	0,8	0,4	2,6	0,9	3,3	1,1	3,8	1,5
Tómstundir	4,9	1,3	19,6	2,2	15,6	2,1	13,2	1,8	36,0	3,3	23,2	2,9
Félagslíf	0,8	0,7	1,1	0,6	0,8	0,8	1,4	0,7	4,6	1,5	3,2	1,1
Upplýsingar	0,8	0,6	0,5	0,5	1,1	0,5	0,8	0,5	1,8	0,9	1,8	1,2
Húsnæði	19,2	2,5	23,0	2,4	32,3	2,9	28,6	2,5	39,1	3,3	41,4	3,6
Skortur á tveimur sviðum	1,9	0,8	4,8	1,3	8,8	1,8	8,3	1,6	18,6	2,8	13,8	2,4

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Uppruni foreldra

Árið 2018 mældist ekki marktækur munur á heildarskorti 6–15 ára barna foreldra sem fæddust á Íslandi og foreldra sem fæddust erlendis, það er skorti á tveimur sviðum. Árið 2014 mældist heildarskortur hins vegar marktækt meiri meðal barna foreldra sem voru fæddir á Íslandi. Þá var aðeins marktækur munur á skorti meðal hópanna á sviði félagslífs en á því sviði mældist skortur meðal barna foreldra sem fæddust erlendis 5,3% en 0,9% meðal barna foreldra sem fæddust á Íslandi. Til samanburðar má nefna að hlutfallið fyrir 6–15 ára börn í heild er 1,9%. Á sviði félagslífs er spurt hvort börn á heimilinu geti boðið vinum heim og hvort þau haldi upp á afmæli og önnur tímamót. Árið 2014 hafði skortur barna foreldra sem fæddust á Íslandi aukist á meirihluta sviðanna en árið 2018 dróst hann aftur saman á sviði næringar, klæðnaðar, tómstunda og félagslífs. Skortur á sviði húsnæðis jókst hins vegar áfram hjá þeim hópi. Hjá börnum foreldra sem fæddust erlendis varð lítil breyting á tímabilinu.

Áhrif uppruna foreldra á skort 6–15 ára barna:

- Heildarskortur var sambærilegur árið 2018 meðal barna foreldra sem fæddust á Íslandi og foreldra sem fæddust erlendis.
- 5,3% barna foreldra sem fæddust erlendis bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn skorti félagslíf árið 2018 sem er hærra hlutfall heldur en hjá börnum foreldra fæddra á Íslandi (0,9%) og hjá 6–15 ára börnum í heild (1,9%).

Tafla 6.1.6

Hlutfall 6–15 ára barna sem bjó á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og uppruna foreldra (%).

	Foreldrar fæddir á Íslandi						Foreldri/ar fæddir erlendis					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	5,3	1,0	6,7	1,2	3,6	0,9	1,6	1,4	1,6	1,3	2,3	1,4
Klæðnaður	3,3	0,9	4,3	1,0	1,1	0,6	11,0	4,0	2,7	1,8	2,2	2,1
Menntun	1,2	0,5	3,4	0,9	2,0	0,7	8,4	3,6	3,6	2,2	2,0	1,5
Tómstundir	8,6	1,2	28,1	2,1	19,7	1,9	19,2	4,6	17,2	4,0	14,1	4,1
Félagslíf	1,2	0,6	2,7	0,8	0,9	0,4	0,5	0,7	1,5	1,3	5,3	2,6
Upplýsingar	0,8	0,4	1,2	0,6	1,5	0,6	0,7	0,9	0,0	0,0	0,9	1,2
Húsnæði	24,5	1,9	28,8	2,1	34,2	2,3	28,0	5,6	35,5	5,1	41,4	6,2
Skortur á tveimur sviðum	5,2	1,0	11,3	1,6	10,5	1,5	8,5	3,5	6,6	2,7	11,6	3,9

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Fjöldi barna á heimili

Marktækur munur var á heildarskorti 6–15 ára barna árið 2018 eftir fjölda barna á heimili. Heildarskortur, það er skortur á tveimur sviðum, mældist hærri meðal barna sem bjuggu á barnmörgum heimilum heldur en barna sem bjuggu á heimilum með einu eða tveimur börnum, eða 16,2% miðað við 8,4%. Munurinn á hópunum birtist fyrst og fremst á sviði tómstunda en skortur á því sviði mældist tvisvar sinnum hærri meðal barna á barnmörgum heimilum. Skortur á sviði tómstunda jókst töluvert árið 2014 hjá báðum hópum og hafði ekki gengið að fullu til baka árið 2018 þegar hann mældist 28,8% meðal barna á barnmörgum heimilum og 14,1% meðal barna á heimilum með eitt eða tvö börn. Þá jókst skortur á sviði húsnæðis hjá báðum hópum árið 2018.

Áhrif fjölda barna á heimili á skort 6–15 ára barna:

- Heildarskortur mældist hærri meðal barna á barnmörgum heimilum árið 2018.
- Skortur á sviði tómstunda var tvisvar sinnum hærri meðal barna á barnmörgum heimilum heldur en barna á heimilum með einu eða tveimur börnum árið 2018.
- Skortur á sviði húsnæðis jókst hjá báðum hópum árið 2018.

Tafla 6.1.7

Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og fjölda barna á heimili (%).

	Eitt eða tvö börn						Þrjú eða fleiri börn					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	5,4	1,2	7,1	1,4	3,3	1,0	3,7	1,3	3,7	1,4	3,3	1,3
Klæðnaður	4,1	1,1	3,5	1,0	1,7	0,9	4,5	1,7	5,1	1,7	0,7	0,5
Menntun	2,4	0,8	3,6	1,0	2,1	0,8	1,1	0,8	3,1	1,3	1,7	1,1
Tómstundir	10,4	1,4	21,4	2,2	14,1	1,8	8,0	2,0	36,9	3,5	28,8	3,6
Félagslíf	0,9	0,5	3,5	1,0	2,1	0,8	1,9	1,3	0,5	0,5	1,4	1,0
Upplýsingar	0,7	0,5	1,1	0,6	1,6	0,8	1,1	0,7	1,0	0,7	0,7	0,6
Húsnæði	24,6	2,1	28,5	2,4	33,9	2,7	25,4	3,3	32,4	3,5	39,8	3,8
Skortur á tveimur sviðum	5,5	1,2	9,2	1,7	8,4	1,5	5,9	2,0	13,4	2,5	16,2	3,1

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Staða heimilis á húsnæðismarkaði

Töluverður munur mældist á skorti 6–15 ára barna sem bjuggu í eignarhúsnæði og þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði. Heildarskortur, það er skortur á tveimur sviðum, mældist marktækt hærri meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði árin 2014 og 2018. Þá mældist einnig marktækt meiri skortur meðal þeirra á sviðum menntunar, tómstunda og húsnæðis. Bilið var breiðast á sviði húsnæðis en 54,6% barna í leiguhúsnæði bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði húsnæðis árið 2018 samanborið við 30,5% barna sem bjuggu í eignarhúsnæði. Skortur á sviði næringar dróst marktækt saman hjá báðum hópum árið 2018 og skortur á sviði klæðnaðar minnkaði meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði. Skortur á sviði tómstunda jókst hjá báðum hópum árið 2014 og minnkaði aftur árið 2018 en fór þó ekki í fyrra horf. Um það bil fjórðungur barna í leiguhúsnæði bjó á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda árið 2018 og 16,8% barna sem bjuggu í eignarhúsnæði, en þar vó skortur á tómstundum þýngst.

Áhrif stöðu heimilis á húsnæðismarkaði á skort 6–15 ára barna:

- Heildarskortur mældist hærri meðal barna sem bjuggu í leiguhúsnæði en barna sem bjuggu í eignarhúsnæði árið 2018 og þau liðu einnig meiri skort á sviðum menntunar, tómstunda og húsnæðis.
- Skortur á sviði húsnæðis jókst meðal barna í leiguhúsnæði árið 2018 og mældist 54,6%, samanborið við 30,5% skort meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.
- Árið 2018 bjó um það bil fjórðungur barna sem bjuggu í leiguhúsnæði á heimili þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda og 16,8% barna sem bjuggu í eignarhúsnæði.

Tafla 6.1.8

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og stöðu heimilis á húsnæðismarkaði (%).

	Eignarhúsnæði						Leiguhúsnæði					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	5,2	1,0	4,5	1,1	2,7	0,7	2,6	1,8	12,1	3,3	5,7	2,7
Klæðnaður	3,5	0,8	2,3	0,8	1,2	0,6	9,3	4,5	11,3	3,2	1,8	1,8
Menntun	1,9	0,6	2,5	0,8	1,0	0,4	3,1	2,6	7,3	2,7	5,8	2,8
Tómstundir	9,7	1,2	23,8	2,0	16,8	1,7	10,4	3,8	37,8	5,1	25,4	5,3
Félagslíf	1,1	0,5	1,7	0,6	1,3	0,4	1,8	2,4	6,0	2,6	4,0	2,5
Upplýsingar	0,7	0,4	0,8	0,4	1,0	0,4	1,7	1,8	2,1	1,7	2,8	2,2
Húsnæði	23,5	1,8	27,5	2,1	30,5	2,2	35,2	6,8	39,4	5,2	54,6	6,2
Skortur á tveimur sviðum	5,2	1,0	7,3	1,3	9,1	1,3	9,0	4,4	24,7	4,6	17,4	4,6

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Heimilisgerð

Árið 2018 minnkaði bilið á milli 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum með einu foreldri og þeirra sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum. Árið 2009 og 2014 var heildarskortur marktækt meiri meðal barna sem bjuggu á heimilum með einu foreldri. Árið 2018 mældist heildarskortur áfram hærri meðal þess hóps en munurinn var ekki lengur marktækur. Skortur á sviði húsnæðis stóð í stað meðal barna sem bjuggu á heimilum með einu foreldri en jókst meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum, úr 26,5% í 33,8%. Skortur á sviði húsnæðis mældist þrátt fyrir það enn marktækt hærri meðal fyrrnefnda hópsins. Skortur dróst saman á sviði næringar, klæðnaðar, menntunar, tómstunda og upplýsinga meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum. Skortur barna sem bjuggu á heimilum með einu foreldri stóð í stað á flestum sviðum ef frá er talið svið tómstunda þar sem hann dróst saman. Skortur á sviði tómstunda mældist áfram hár meðal beggja hópa, eða í kringum 20%.

Áhrif stöðu heimilis á húsnæðismarkaði á skort 6–15 ára barna:

- Börn einstæðra foreldra liðu marktækt meiri heildarskort árin 2009 og 2014, það er skort á tveimur sviðum, en árið 2018 var munurinn ekki lengur marktækur.
- Skortur á húsnæði jókst á meðal barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum á milli 2014 og 2018 en mældist þó ennþá lægri en meðal barna einstæðra foreldra.
- Skortur barna sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum minnkaði á flestum sviðum árið 2018.

Tafla 6.1.9

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og heimilisgerð (%).

	Eitt foreldri						Tveir foreldrar					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	7,2	2,9	9,3	3,2	6,1	3,1	4,4	0,9	5,0	1,0	2,7	0,7
Klæðnaður	9,1	3,4	7,1	2,7	2,6	2,1	3,0	0,7	3,1	0,8	1,1	0,6
Menntun	3,3	1,8	3,8	2,1	3,8	2,5	1,7	0,6	3,4	0,8	1,6	0,5
Tómstundir	12,1	3,2	32,6	5,2	20,3	5,0	9,2	1,2	24,7	2,0	18,1	1,8
Félagslíf	3,3	2,2	5,4	2,4	4,0	2,0	0,6	0,3	1,7	0,6	1,4	0,6
Upplýsingar	1,4	1,4	3,9	2,0	1,7	2,0	0,7	0,4	0,2	0,2	1,3	0,5
Húsnæði	34,8	5,3	41,2	5,5	43,8	6,3	22,4	1,8	26,5	2,0	33,8	2,3
Skortur á tveimur sviðum	13,3	3,9	17,0	4,3	14,7	4,4	3,7	0,8	8,7	1,3	9,9	1,4

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Atvinnuþátttaka á heimili

Hlutfall 6–15 ára barna sem leið skort og bjó á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% var hærri en barna sem bjuggu á heimilum með meiri atvinnuþátttöku árin 2009 og 2014. Árið 2018 reyndist ekki marktækur munur á heildarskorti hópanna. Þó mældist marktækt meiri skortur meðal barna sem bjuggu á heimilum með minni en 50% atvinnuþátttöku á meirihluta sviðanna, það er sviðum næringar, tómstunda, upplýsinga og húsnæðis. Skortur á sviði klæðnaðar minnkaði hjá báðum hópum og fór úr 14,5% árið 2014 í 1,1% árið 2018 meðal barna sem bjuggu á heimilum með minni en 50% atvinnuþátttöku. Hátt hlutfall skorts á sviði næringar meðal barna á heimilum með minni en 50% atvinnuþátttöku vekur athygli en hlutfallið mældist 20,8% árið 2018. Tekið skal fram að fá svör liggja að baki tölum um börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka er minni en 50% árið 2018.

Áhrif atvinnuþátttöku á heimili á skort 6–15 ára barna:

- Skortur barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% mældist hærri en barna sem bjuggu á heimilum með meiri atvinnuþátttöku árið 2018 á sviðum næringar, tómstunda, upplýsinga og húsnæðis.
- Skortur á sviði næringar meðal barna á heimilum með minni en 50% atvinnuþátttöku mældist 20,8% með 10,9% öryggisbili árið 2018, sem er umtalsvert hærri en meðal annarra hópa.
- Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman árið 2018 hjá báðum hópum.

Tafla 6.1.10

Hlutfall 6-15 ára barna sem búa á heimilum þar sem eitthvert barn líður skort eftir sviðum og atvinnuþátttöku foreldra (%).

	Minni en 50%						Meiri en 50%					
	2009		2014		2018		2009		2014		2018	
	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
Næring	15,9	13,0	14,4	6,1	20,8	10,9	4,7	0,9	5,3	1,1	2,7	0,7
Klæðnaður	3,4	4,7	14,5	5,9	1,1	1,5	4,2	0,9	3,2	0,8	1,4	0,6
Menntun	5,6	7,5	6,9	4,4	7,8	7,4	2,0	0,6	3,2	0,8	1,8	0,6
Tómstundir	19,5	11,5	36,0	8,7	43,0	13,3	9,5	1,2	25,6	1,9	17,6	1,7
Félagslíf	2,7	3,7	14,4	6,0	7,1	5,8	1,1	0,5	1,6	0,6	1,7	0,6
Upplýsingar	0,0	0,0	0,7	1,0	0,0	0,0	0,8	0,4	1,1	0,5	1,4	0,6
Húsnæði	50,1	16,2	48,1	9,2	53,4	12,8	24,3	1,8	28,2	2,0	35,0	2,3
Skortur á tveimur sviðum	22,1	14,3	24,9	8,1	6,3	8,4	5,2	1,0	9,3	1,3	10,9	1,4

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6.2 Hvað skorti börn á aldrinum 6–15 ára?

Næring

Á sviði næringar var spurt hvort börn á heimilinu fengju grænmeti og ávexti daglega og að minnsta kosti eina kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð á hverjum degi. Skortur 6–15 ára barna á sviði næringar dróst saman hjá flestum hópum á milli áranna 2014 og 2018 og var þróunin marktæk í meirihluta tilfella. Undantekningin var meðal barna sem bjuggu á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50%. Í þeim hópi var skorturinn mestur og lækkaði ekki milli ára.

Mestur skortur á sviði næringar 6–15 ára barna:

- Börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% (20,8%).
- Börn einstæðra foreldra (6,1%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (5,7%).

Tafla 6.2.1

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði næringar (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	4,9	1,3	5,3	1,4	3,2	1,2
	Strákur	4,9	1,3	6,6	1,7	3,4	1,0
BÚSETA	Þéttbýli	5,0	1,1	5,6	1,4	3,3	0,9
	Dreifibýli	4,8	1,6	6,5	1,8	3,4	1,5
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	5,2	1,4	4,1	1,3	1,6	0,6
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	4,7	1,2	8,7	1,9	5,9	1,7
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	5,3	1,0	6,7	1,2	3,6	0,9
	Fædd erlendis	1,6	1,4	1,6	1,3	2,3	1,4
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	5,4	1,2	7,1	1,4	3,3	1,0
	Þrjú eða fleiri börn	3,7	1,3	3,7	1,4	3,3	1,3
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	5,2	1,0	4,5	1,1	2,7	0,7
	Leiguhúsnæði	2,6	1,8	12,1	3,3	5,7	2,7
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	7,2	2,9	9,3	3,2	6,1	3,1
	Tveir foreldrar	4,4	0,9	5,0	1,0	2,7	0,7
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	15,9	13,0	14,4	6,1	20,8	10,9
	Meiri en 50%	4,7	0,9	5,3	1,1	2,7	0,7

■ = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Klæðnaður

Á sviði klæðnaðar var spurt hvort börn á heimilinu ættu að minnsta kosti tvö pör af skóm sem pössuðu og hvort þau ættu fót sem þau hefðu fengið ný, það er sem enginn annar hafði átt. Skortur á sviði klæðnaðar dróst saman hjá öllum hópum árið 2018 og mældist almennt lítil. Þónokkur skortur mældist á sviði klæðnaðar árið 2014 hjá börnum á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% og hjá börnum sem bjuggu í leiguhúsnæði. Þar hefur mikil breyting orðið á og áætlaður skortur þeirra barna minnkað um 9,5–13,4%.

Miklar breytingar hafa orðið á fataverslun á tímabilinu og margt sem bendir til þess að framboð á ódýrum klæðnaði sé meira en áður. Það gæti mögulega skýrt hvers vegna skortur minnkar hjá öllum hópum, óháð efnahag.

Mestur skortur á sviði klæðnaðar 6–15 ára barna:

- Börn einstæðra foreldra (2,6%).
- Börn foreldra sem fæddust erlendis (2,2%).

Tafla 6.2.2

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði klæðnaðar (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	3,7	1,1	3,6	1,2	0,8	0,7
	Strákur	4,6	1,4	4,4	1,3	1,8	1,0
BÚSETA	Þéttbýli	3,5	1,1	3,3	1,0	1,8	0,9
	Dreifbýli	5,2	1,5	5,2	1,6	0,6	0,5
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	2,4	1,1	2,1	0,8	1,2	0,9
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	5,5	1,3	6,8	1,8	1,7	0,7
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	3,3	0,9	4,3	1,0	1,1	0,6
	Fædd erlendis	11,0	4,0	2,7	1,8	2,2	2,1
FJÖLDI BARNNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	4,1	1,1	3,5	1,0	1,7	0,9
	Þrjú eða fleiri börn	4,5	1,7	5,1	1,7	0,7	0,5
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	3,5	0,8	2,3	0,8	1,2	0,6
	Leiguhúsnæði	9,3	4,5	11,3	3,2	1,8	1,8
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	9,1	3,4	7,1	2,7	2,6	2,1
	Tveir foreldrar	3,0	0,7	3,1	0,8	1,1	0,6
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	3,4	4,7	14,5	5,9	1,1	1,5
	Meiri en 50%	4,2	0,9	3,2	0,8	1,4	0,6

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Menntun

Á sviði menntunar var spurt hvort börn á heimilinu gætu tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kostuðu peninga og hvort það væri aðstaða til heimanáms á heimilinu. Áætlaður skortur á þessu sviði fylgir að miklu leyti sama mynstri og á öðrum sviðum. Hann var lítill árið 2009, jókst árið 2014 og minnkaði eða stóð í stað 2018. Áætlaður skortur á sviði menntunar minnkaði marktækt árið 2018 meðal barna í þéttbýli, barna foreldra með háskólamenntun, barna sem bjuggu í eignarhúsnæði og barna sem bjuggu á heimilum með meiri en 50% atvinnupátttöku.

Mestur skortur á sviði menntunar meðal 6–15 ára barna:

- Börn á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50% (7,8%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (5,8%).

Tafla 6.2.3

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði menntunar (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	1,2	0,7	3,8	1,2	1,6	0,9
	Strákur	2,8	1,0	3,2	1,0	2,3	0,9
BÚSETA	Þéttbýli	1,8	0,8	3,8	1,1	1,7	0,7
	Dreifbýli	2,4	1,0	2,9	1,0	2,4	1,3
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	1,2	0,7	3,6	1,1	0,8	0,4
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	2,6	0,9	3,3	1,1	3,8	1,5
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	1,2	0,5	3,4	0,9	2,0	0,7
	Fædd erlendis	8,4	3,6	3,6	2,2	2,0	1,5
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	2,4	0,8	3,6	1,0	2,1	0,8
	Þrjú eða fleiri börn	1,1	0,8	3,1	1,3	1,7	1,1
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	1,9	0,6	2,5	0,8	1,0	0,4
	Leiguhúsnæði	3,1	2,6	7,3	2,7	5,8	2,8
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	3,3	1,8	3,8	2,1	3,8	2,5
	Tveir foreldrar	1,7	0,6	3,4	0,8	1,6	0,5
ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	5,6	7,5	6,9	4,4	7,8	7,4
	Meiri en 50%	2,0	0,6	3,2	0,8	1,8	0,6

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

6.2 Hvað skorti börn á aldrinum 6–15 ára?

Tómstundir

Á sviði tómstunda var spurt hvort börn á heimilinu stunduðu íþróttir, tónlist eða annað barna- eða ungmennastarf, hvort þau ættu bækur sem hentuðu aldri þeirra, hvort þau ættu leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utandyra og hvort þau ættu leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika sér með innandyra.

Athygli vekur að áætlaður skortur á þessu sviði var nokkuð hár og jókst marktækt fyrir nær alla hópa árið 2014. Þrátt fyrir að skorturinn hafi minnkað í flestum tilfellum árið 2018 gekk aukningin ekki til baka að fullu. Þegar betur er að gáð skýrist þessi mikli skortur sem mælist á sviði tómstunda fyrst og fremst af skorti á tómstundaiðkun. Afar lítill skortur mælist á bókum og leikföngum en hátt hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára skortir tómstundastarf. Skortur á tómstundaiðkun virðist hafa aukist verulega milli áranna 2009 og 2014 og fest sig að einhverju leyti í sessi.

Mestur skortur á sviði tómstunda meðal 6–15 ára barna:

- Börn á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50% (43%).
- Börn sem bjuggu á heimilum með þremur eða fleiri börnum (28,8%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (25,4%).

Tafla 6.2.4

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	9,2	1,6	25,7	2,7	19,9	2,7
	Strákur	10,3	1,7	27,2	2,7	17,3	2,2
BÚSETA	Þéttbýli	9,2	1,5	24,4	2,5	16,6	2,0
	Dreifbýli	10,6	1,9	29,8	3,0	21,7	3,1
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	4,9	1,3	19,6	2,2	15,6	2,1
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	13,2	1,8	36	3,3	23,2	2,9
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	8,6	1,2	28,1	2,1	19,7	1,9
	Fædd erlendis	19,2	4,6	17,2	4,0	14,1	4,1
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	10,4	1,4	21,4	2,2	14,1	1,8
	Þrjú eða fleiri börn	8	2,0	36,9	3,5	28,8	3,6
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	9,7	1,2	23,8	2,0	16,8	1,7
	Leiguhúsnæði	10,4	3,8	37,8	5,1	25,4	5,3
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	12,1	3,2	32,6	5,2	20,3	5,0
	Tveir foreldrar	9,2	1,2	24,7	2,0	18,1	1,8
ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	19,5	11,5	36	8,7	43	13,3
	Meiri en 50%	9,5	1,2	25,6	1,9	17,6	1,7

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Félagslíf

Á sviði félagslífs var spurt hvort börn á heimilinu gætu haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu og hvort þau gætu boðið vinum sínum heim til að leika eða borða með þeim. Milli áranna 2009 og 2014 varð marktæk aukning á skorti á sviði félagslífs meðal nokkurra hópa barna. Athygli vekur að skortur jókst marktækt meðal stráka en ekki stelpna. Þá jókst áætlaður skortur verulega meðal barna á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50%. Í flestum tilfellum hafði skorturinn ekki gengið að fullu til baka árið 2018, nema meðal barna í dreifbýli og barna foreldra sem voru fæddir á Íslandi.

Mestur skortur á sviði félagslífs meðal 6–15 ára barna:

- Börn foreldra sem fæddust erlendis (5,3%).
- Börn á heimilum þar sem atvinnupátttaka var minni en 50% (7,1%).
- Börn sem bjuggu í leiguhúsnaði (4%) og börn einstæðra foreldra (4%).

Tafla 6.2.5

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði félagslífs (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	0,9	0,7	1,6	0,7	0,9	0,4
	Strákur	1,4	0,7	3,5	1,2	2,7	1,1
BÚSETA	Þéttbýli	1,1	0,6	1,4	0,7	2,6	1,0
	Dreifbýli	1,2	0,8	4,4	1,4	0,7	0,4
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	0,8	0,7	1,1	0,6	0,8	0,8
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	1,4	0,7	4,6	1,5	3,2	1,1
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	1,2	0,6	2,7	0,8	0,9	0,4
	Fædd erlendis	0,5	0,7	1,5	1,3	5,3	2,6
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	0,9	0,5	3,5	1,0	2,1	0,8
	Þrjú eða fleiri börn	1,9	1,3	0,5	0,5	1,4	1,0
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnaði	1,1	0,5	1,7	0,6	1,3	0,4
	Leiguhúsnaði	1,8	2,4	6,0	2,6	4,0	2,5
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	3,3	2,2	5,4	2,4	4,0	2,0
	Tveir foreldrar	0,6	0,3	1,7	0,6	1,4	0,6
ATVINNUPÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	2,7	3,7	14,4	6,0	7,1	5,8
	Meiri en 50%	1,1	0,5	1,6	0,6	1,7	0,6

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Upplýsingar

Á sviði upplýsinga var spurt hvort börn hefðu aðgang að tölvu og interneti á heimilinu. Skortur á þessu sviði var lítill meðal 6–15 ára barna eða á bilinu 0–3%, sem þýðir að nær öll börn höfðu aðgengi að tölvu og interneti. Marktækar breytingar á milli ára urðu einungis hjá börnum sem bjuggu á heimilum með tveimur foreldrum. Skortur hjá þeim hópi jókst úr 0,2% í 1,3% á milli 2014 og 2018. Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði og börn í dreifbýli liðu mestan skort á þessu sviði árið 2018.

Tafla 6.2.6

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði upplýsinga (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	1,1	0,6	1,2	0,7	1,8	1,1
	Strákur	0,6	0,5	0,9	0,7	0,9	0,5
BÚSETA	Þéttbýli	0,5	0,4	1,3	0,7	0,9	0,5
	Dreifbýli	1,4	0,8	0,6	0,5	2,1	1,3
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	0,8	0,6	0,5	0,5	1,1	0,5
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	0,8	0,5	1,8	0,9	1,8	1,2
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	0,8	0,4	1,2	0,6	1,5	0,6
	Fædd erlendis	0,7	0,9	0,0	0,0	0,9	1,2
FJÖLDI BARNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	0,7	0,5	1,1	0,6	1,6	0,8
	Þrjú eða fleiri börn	1,1	0,7	1,0	0,7	0,7	0,6
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆDISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	0,7	0,4	0,8	0,4	1,0	0,4
	Leiguhúsnæði	1,7	1,8	2,1	1,7	2,8	2,2
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	1,4	1,4	3,9	2,0	1,7	2,0
	Tveir foreldrar	0,7	0,4	0,2	0,2	1,3	0,5
ATVINNUÞÁTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	0,0	0,0	0,7	1,0	0,0	0,0
	Meiri en 50%	0,8	0,4	1,1	0,5	1,4	0,6

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Húsnæði

Á sviði húsnæðis var spurt hvort barn á heimilinu byggi við þröngbýli, hvort aðgengi væri að baðkari eða sturtu, hvort þar væri salerni, hvort næg birta kæmi inn um gluggana og hvort raki væri til staðar í húsnæðinu. Sjá má skilgreiningu á þröngbýli á blaðsíðu 27. Skortur á sviði húsnæðis jókst hjá langflestum hópum milli 2009 og 2014 og árið 2018 varð áfram marktæk aukning meðal flestra hópa. Skortur barna jókst því á þessu sviði á sama tíma og skortur á öðrum sviðum minnkaði. Mestur skortur mældist vegna raka í húsnæði og þröngbýlis. Minnstur skortur á sviði húsnæðis var meðal barna sem bjuggu í eignarhúsnæði, barna háskólamenntaðra foreldra og barna sem bjuggu í dreifbýli.

Mestur skortur á sviði húsnæðis meðal 6–15 ára barna:

- Börn sem bjuggu í leiguhúsnæði (54,6%).
- Börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var minni en 50% (53,4%).
- Börn einstæðra foreldra (43,8%).

Tafla 6.2.7

Hlutfall 6-15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði húsnæðis (%).

		2009		2014		2018	
		Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%	Hlutf. %	±95%
KYN	Stelpa	25,3	2,6	29,8	2,8	36,1	3,3
	Strákur	24,4	2,5	29,8	2,8	35,3	3,1
BÚSETA	Þéttbýli	27,3	2,4	26,8	2,5	37,4	2,8
	Dreifbýli	21,1	2,6	34,7	3,2	32,7	3,7
MENNTUNARSTIG FORELDRA	Háskólamenntun	19,2	2,5	23,0	2,4	32,3	2,9
	Grunn-, framhalds- eða starfsmenntun	28,6	2,5	39,1	3,3	41,4	3,6
UPPRUNI FORELDRA	Fædd á Íslandi	24,5	1,9	28,8	2,1	34,2	2,3
	Fædd erlendis	28,0	5,6	35,5	5,1	41,4	6,2
FJÖLDI BARNNA Á HEIMILI	Eitt til tvö börn	24,6	2,1	28,5	2,4	33,9	2,7
	Þrjú eða fleiri börn	25,4	3,3	32,4	3,5	39,8	3,8
STAÐA HEIMILIS Á HÚSNÆÐISMARKAÐI	Eignarhúsnæði	23,5	1,8	27,5	2,1	30,5	2,2
	Leiguhúsnæði	35,2	6,8	39,4	5,2	54,6	6,2
HEIMILISGERÐ	Einstætt foreldri	34,8	5,3	41,2	5,5	43,8	6,3
	Tveir foreldrar	22,4	1,8	26,5	2,0	33,8	2,3
ATVINNUÞÁTTTAKA FORELDRA	Minni en 50%	50,1	16,2	48,1	9,2	53,4	12,8
	Meiri en 50%	24,3	1,8	28,2	2,0	35,0	2,3

 = Marktæk breyting frá fyrri mælingu

Listi yfir myndir og töflur

Myndir

- Mynd 3.1** Hlutfall 1–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda árið 2014. Samanburður meðal Evrópuríkja.
- Mynd 4.1** Hlutfall 1–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á tveimur eða fleiri sviðum árið 2014. Samanburður meðal Evrópuríkja.
- Mynd 4.2** Röðun Íslands á ólíkum sviðum efnislegs skorts barna árið 2014 í evrópskum samanburði.

Töflur

- Tafla 3.1** Hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviði í heild og atriðum.
- Tafla 5.1** Hlutfall barna á aldrinum 1–5 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atriðum.
- Tafla 5.2** Hlutfall barna sem var ekki skráð í leikskóla eða í grunnskóla eftir aldri.
- Tafla 5.3** Umfang skorts meðal 1–5 ára barna á Íslandi.
- Tafla 5.1.1** Hlutfall barna á aldrinum 1–5 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir bakgrunnsbreytum.
- Tafla 5.1.2** Hlutfall barna á aldrinum 1–5 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum.
- Tafla 5.1.3** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og kyni.
- Tafla 5.1.4** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og búsetu.
- Tafla 5.1.5** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og menntunarstigi foreldra.
- Tafla 5.1.6** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og uppruna foreldra.
- Tafla 5.1.7** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og fjölda barna á heimili.
- Tafla 5.1.8** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og stöðu heimilis á húsnæðismarkaði.
- Tafla 5.1.9** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og heimilisgerð.
- Tafla 5.1.10** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atvinnuþátttöku foreldra.
- Tafla 5.2.1** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði næringar.
- Tafla 5.2.2** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði klæðnaðar.
- Tafla 5.2.3** Hlutfall 3–5 ára barna sem liðu skort á sviði menntunar og umönnunar (voru ekki í dagvistun í a.m.k. 1 klukkustund eða meira í viku).
- Tafla 5.2.4** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði þroska.
- Tafla 5.2.5** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði upplýsinga.

- Tafla 5.2.6** Hlutfall 1–5 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði húsnæðis.
- Tafla 6.1** Hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atriðum.
- Tafla 6.2** Umfang skorts meðal 6–15 ára barna á Íslandi.
- Tafla 6.1.1** Hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir bakgrunnsbreytum.
- Tafla 6.1.2** Hlutfall barna á aldrinum 6–15 ára sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið verulegan skort eftir bakgrunnsbreytum.
- Tafla 6.1.3** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og kyni.
- Tafla 6.1.4** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og búsetu.
- Tafla 6.1.5** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og menntun foreldra.
- Tafla 6.1.6** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og uppruna foreldra.
- Tafla 6.1.7** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og fjölda barna á heimili.
- Tafla 6.1.8** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og stöðu heimilis á húsnæðismarkaði.
- Tafla 6.1.9** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og heimilisgerð.
- Tafla 6.1.10** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort eftir sviðum og atvinnuþátttöku foreldra.
- Tafla 6.2.1** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði næringar.
- Tafla 6.2.2** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði klæðnaðar.
- Tafla 6.2.3** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði menntunar.
- Tafla 6.2.4** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði tómstunda.
- Tafla 6.2.5** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði félagslífs.
- Tafla 6.2.6** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði upplýsinga.
- Tafla 6.2.7** Hlutfall 6–15 ára barna sem bjuggu á heimilum þar sem eitthvert barn leið skort á sviði húsnæðis.

Viðauki 1: **Barnmiðuð greining á efnislegum skorti**

Skortgreining UNICEF gengur út á barnmiðaða greiningu á efnislegum skorti meðal barna. Greiningin var þróuð af Rannsóknarmiðstöð UNICEF, Innocenti, og var markmiðið að móta nýjar leiðir til að greina skort meðal barna í efnameiri ríkjum. Í stað þess að rýna í efnislegan skort barna á einu sviði í einu, líkt og gert hefur verið hingað til, gengur aðferðin út á að greina marghliða skort hjá börnum. Greiningin gerir okkur kleift að rannsaka skort út frá mörgum sviðum og ólíkum bakgrunnsbreytum. Með henni má greina fjölda heimila þar sem börn líða skort, dýpt skortsins, hvernig hann birtist (t.d. í næringarviðmiðum, húsnæði og klæðnaði) og hvað það er sem hefur áhrif á hann (t.d. menntun foreldra, búseta og uppruni). Hægt er að sjá hvað hefur áhrif á mismunandi svið, til dæmis hvort búseta hafi sérstaklega áhrif á skert aðgengi barna að félagslífi eða hvort fjöldi foreldra á heimili skipti máli hvað varðar skort á gæðum húsnæðis.

Skortgreining UNICEF sker sig frá fyrri rannsóknaraðferðum á efnislegum skorti þar sem barnið er athugunareiningin í stað heimilisins sem heildar. Það sem er jafnframt frábrugðið öðrum rannsóknum er að efnahagslegar ástæður eru ekki forsenda þess að mæla skort, þ.e. ástæður skortsins eru ekki endilega þær að heimilið skorti peninga. Gert er ráð fyrir að börn geti liðið efnislegan skort af öðrum ástæðum en fjárhagslegum, til dæmis vegna lífsskoðana foreldra, búsetu eða annarra þátta. Aðferðin er barnmiðuð og byggir á áherslu UNICEF á jafnræði – að öll börn eigi að njóta sömu réttinda og að öll börn skipti máli.

Mikilvægi reglulegrar gagnaöflunar

Til að öll börn fái notið réttinda sinna er nauðsynlegt að hafa vitneskju um hverjar þarfir þeirra eru. Það verður einungis gert með áreiðanlegri og reglulegri gagnaöflun og ítarlegri gagnagreiningu. Í þessu skyni, og til að bregðast við tilmælum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, gekk UNICEF öðru sinni til samstarfs við Hagstofu Íslands um framkvæmd skortgreiningar.

Mikilvægt er að hafa í huga að allar upplýsingarnar sem greiningin byggir á voru þegar til staðar er vinnan við hana hófst. Það er von UNICEF á Íslandi að upplýsingum um efnislegan skort barna verði safnað reglulega, gagnaöflun verði bætt og miðuð að þörfum barna á Íslandi og að upplýsingum sé safnað um börn frá fæðingu til 18 ára aldurs.

Barnvæn nálgun á greiningu efnislegs skorts

Aðferðin sem notuð er í þessari skýrslu við greiningu efnislegs skorts meðal barna kallast skortgreining eða *Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA)* á ensku. Skortgreining er alhliða greiningartæki á fjölpættan skort barna. Hún getur ýmist verið greining sem ber saman mörg ríki (Cross-country MODA/CC-MODA) eða greining innan einstaka ríkis (National-MODA/N-MODA). CC-MODA-greining byggir á samanburðarhæfum gögnum en þegar N-MODA-greining er gerð eru

ólíkar breytur notaðar og þær lagaðar að aðstæðum í hverju landi fyrir sig. Sú greining sem gerð eru skil í þessari skýrslu er CC-MODA en síðasta skýrsla sem UNICEF gaf út um efnislegan skort barna árið 2016 byggði á N-MODA. Niðurstöðurnar eru því ekki að fullu samanburðarhæfar á milli skýrslna.

Skortgreining byggir á heildstæðri skilgreiningu á velferð barna. Það þýðir að hún einblínir á margs konar þjónustu og efnisleg gæði sem eru nauðsynleg þroska og heilsu barns. Um leið er tekið tillit til neysluvenja, útgjalda fjölskyldunnar og breytilegra þarfa barna á mismunandi aldurstigum. Saman draga þessar upplýsingar upp heildstæða mynd af velferð barna.

Fjögur atriði gera nálgun UNICEF við greininguna frábrugðna fyrri rannsóknaraðferðum á efnislegum skorti barna:

1. **Barnið er „athugunareiningin“.** Í stað þess að horft sé á heimilið sem heild, eins og gert er í flestum rannsóknum á stöðu barna sem búa við fátækt, snýr greiningin að barninu á heimilinu. Börn upplifa skort og fátækt á annan hátt en fullorðnir. Skorturinn getur hamlað þroska þeirra, til dæmis þegar þau upplifa skert aðgengi að næringu eða menntun. Þetta getur aftur haft langvarandi áhrif á framtíð þeirra. Þarfir barna eru oft aðrar en foreldra þeirra og heimilisins og því getur það skekk niðurstöður að horfa til heimilisins sem athugunareiningar í stað barnsins sem einstaklings.
2. **Nálgunin undirstrikar að börn eru ekki einsleitur hópur.** Skortgreining UNICEF skiptir börnum upp í hópa eftir aldri. Börn hafa ólíkar þarfir á ólíkum stigum barnæskunnar.
3. **Áhersla er á heildræna nálgun.** Greiningin dregur fram hvort börn líði skort á ólíkum sviðum, hversu mörgum og hvað hefur áhrif á skortinn.
4. **Greiningin er barnmiðuð og gengur út frá áherslu UNICEF á jafnræði (e. *equity*).** Greiningin gerir okkur kleift að skoða þá hópa barna sérstaklega sem líða hvað mestan skort í samfélaginu. Með þessu er hægt að draga upp mynd af barni sem tilheyrir viðkvæmum hópi; til dæmis hvar barnið er líklegt til að búa, hver menntun foreldra þess sé og staða heimilisins á vinnumarkaði. Skortgreiningin dregur fram hvernig skortur barna skarast eftir ákveðnum breytum og sviðum, hún dregur fram helstu áhrifaþætti og leiðir þannig í ljós sérstök einkenni þeirra barna sem líða skort. Þannig er greiningin tilvalin við opinbera stefnumótun og gerir innleiðingu hennar skilvirkari, bæði í einstökum ríkjum og á milli ríkja.

Velferðarvísar barna

Skortgreiningin byggir á alþjóðlegum mannréttindum og Barnasáttmálanum. Búinn var til listi yfir velferðarvísa sem eru mikilvægir þroska barna, óháð búsetu, efnahagslegri og félagslegri stöðu eða menningu. Vísarnir eru tengdir meginþáttum Barnasáttmálans: lífi, þroska, vernd og þátttöku.

Velferðarvísar í samræmi við meginþætti Barnasáttmálans.

Flokkar	Svið	Barnasáttmálinn
LÍF	Næring	Grein 24
	Vatn og hreinlæti	Grein 24
	Heilbrigðisþjónusta	Grein 24
	Skjól, húsnæði, klæðnaður	Grein 27
	Umhverfi, mengun	Grein 28
ÞROSKI	Menntun	Grein 28
	Afþreying	Grein 31
	Menning	Grein 31
	Upplýsingar	Greinar 13 og 17
VERND	Misnotkun, barnavinna	Grein 32
	Önnur misnotkun	Greinar 33–36
	Grimmd, ofbeldi	Greinar 19 og 37
	Ofbeldi í skóla	Grein 28
	Félagslegt öryggi	Greinar 16, 26, og 27
ÞÁTTTAKA	Fæðingarskráning, þjóðerni	Greinar 7 og 8
	Upplýsingar	Greinar 13 og 17
	Tjáningarfrelsi, félagafrelsi	Greinar 12–15

Aðlöguð mynd úr *Multiple Overlapping Deprivation Analysis for the European Union (EU-MODA): Technical Note, Innocenti Working Paper 2014-01* eftir Y. Chzhen og C. De Neubourg, 2014. Florence: UNICEF Office of Research.

Við framkvæmd evrópskrar skortgreiningar (EU-MODA) byggir gagnaöflunin á evrópsku lífshæðisrannsókninni sem lögð er fyrir ár hvert. Á nokkurra ára fresti eru lagðar fyrir spurningar sem varða börn beint og eru þær grunnurinn að niðurstöðum þessarar rannsóknar. Spurningar evrópsku lífshæðisrannsóknarinnar eru ekki unnar með fyrrgreinda velferðarvísa barna í huga og takmarka því svið greiningarinnar.

Í ljósi takmarkana við gagnaöflun byggir þessi skýrsla á eftirfarandi skortsviðum og -vísam sem skipt er upp eftir tveimur aldurshópum; annars vegar börn á leikskólaaldri og hins vegar börn á grunnskólaaldri. Samkvæmt aðferðum skortgreiningarinnar telst barn líða skort ef það skortir að minnsta kosti eitt atriði á tveimur ólíkum sviðum. Ef barn skortir eitthvað á þremur ólíkum sviðum telst það líða verulegan skort.

Skortsvið og -vísar fyrir börn á leikskólaaldri (1–5 ára).

Svið	Spurningar
NÆRING	Fær ekki a.m.k. eina kjöt-, fisk- eða grænmetis máltíð daglega
	Fær ekki ávexti eða grænmeti daglega
KLÆÐNAÐUR	Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa
	Á ekki ný fót, þ.e. fót sem enginn annar hefur átt
MENNTUN	Skortir einhvers konar dagvistun (3–5 ára sem eru ekki skráð í dagvistun í 1 klst. eða meira í viku)
ÞROSKI	Á ekki leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika með innandyra
	Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að leika með utandyra
	Á ekki bækur sem henta aldri
	Getur ekki boðið vinum sínum heima að leika við eða borða með
	Heldur ekki upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu
UPPLÝSINGAR	Hefur ekki aðgengi að interneti á heimilinu
	Hefur ekki aðgengi að tölvu á heimilinu
HÚSNÆÐI	Býr við þröngbýli
	Ekki berst næg dagsbirta inn um gluggana á heimilinu
	Raki er til staðar á heimilinu
	Hefur ekki aðgengi að salerni eða sturtu á heimilinu

Skortsvið og -vísar fyrir börn á grunnskólaaldri (6–15 ára).

Svið	Spurningar
NÆRING	Fær ekki a.m.k. eina kjöt-, fisk- eða grænmetis máltíð daglega
	Fær ekki einn ávöxt eða grænmeti daglega
KLÆÐNAÐUR	Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa
	Á ekki ný fót, þ.e. fót sem enginn annar hefur átt
MENNTUN	Getur ekki tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga
	Er ekki með aðstöðu til heimanáms á heimilinu
TÓMSTUNDIR	Á ekki leikföng, spil, tölvuleiki eða aðra hluti til að leika með innandyra
	Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að leika með utandyra
	Á ekki bækur sem henta aldri
	Stundar ekki íþróttir, tónlist eða annað barna- eða unglingastarf
FÉLAGSLÍF	Fær ekki að bjóða vinum sínum heim til að leika við eða borða með
	Heldur ekki upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu
UPPLÝSINGAR	Hefur ekki aðgengi að interneti á heimilinu
	Hefur ekki aðgengi að tölvu á heimilinu
HÚSNÆÐI	Býr við þröngbýli
	Ekki berst næg dagsbirta inn um gluggana á heimilinu
	Raki er til staðar á heimilinu
	Hefur ekki aðgengi að salerni eða sturtu/baðkari á heimilinu

Viðauki 2: Skýringar og hugtök frá Hagstofu Íslands

Greiningin byggir á gögnum úr lífskjararannsókn Hagstofunnar sem er hluti af lífskjararannsókn Hagstofu Evrópusambandsins, European Statistics on Incomes and Living Conditions (EU-SILC). Lífskjararannsóknin byggir á úrtaki heimila einstaklinga sem valdir eru með hendingu úr þjóðskrá. Um 5.200 heimili eru í úrtakinu á hverju ári (fjöldi hefur farið vaxandi seinustu ár), þar af um 4.000 heimili sem valin voru árið á undan og um 1.200 heimili sem bætt er við ár hvert í stað þeirra sem ljúka þátttöku. Þetta þýðir að lífskjararannsóknin inniheldur langsniðspátt.

Helstu kostir þessa fyrirkomulags eru að það er hægt að fylgja einstaklingum eftir yfir tíma og skoða tengsl á milli breytinga á ólíkum þáttum sem lúta að lífskjörum þeirra. Hér verður þó að hafa í huga að það eru í raun valdir einstaklingar sem haldast í úrtakinu frá ári til árs. Í sumum tilfellum þýðir það að ekki er um sama heimilið að ræða öll árin sem téður einstaklingur er hluti af í úrtakinu, t.d. ef hann eða hún endar hjúskap og hefur annan á milli kannanna.

Í þessari úrvinnslu er þó farið með gögnin eins og þversniðsgögn. Það er að staða heimila og einstaklinga sem þeim tilheyrir er metin á þeim tímapunktum sem eru til skoðunar, óháð því hvernig staða þeirra þróast yfir tíma. Til þess að halda sem flestum athugunum í gagnasafninu er gagnasafnið notað í heild sinni. Þessi meðferð gagna er frábrugðin þeirri aðferð sem Eurostat notar og er grundvöllur áður birtra íslenskra talna úr EU-MODA, en þar er gagnasafnið hreinsað af endurteknum athugunum. Þessi munur á aðferðum getur skýrt að hluta þann mun sem sjá má á milli áður útgefna talna og þeirra gagna sem unnin voru fyrir skýrslu UNICEF á Íslandi.

Þátttakendur

Markmið EU-MODA-greiningarinnar er að greina skort á meðal barna á aldrinum 1–15 ára. Þar sem lífskjararannsóknin er heimilisrannsókn má segja að grunneining EU-MODA-greiningar sé heimili barna á aldrinum 1–15 ára.

Tafla 1

Áætlaður fjöldi íslenskra heimila með börn á aldrinum 1–15 ára eftir árum.

Ár	Fjöldi	Staðalvilla	Neðri mörk	Efri mörk
2009	41543	1227	39842	43244
2014	40681	1279	38909	42454
2018	43853	1604	41630	46077

Mælingar

Bakgrunnsbreytur

Kyn (e. sex)

Lýsir tveimur kynjum, þar sem valið er á milli stelpa eða strákur.

Búsetusvæði (e. degree of urbanization)

Lýsir því á hvernig búsetusvæði heimilið er staðsett.

Þéttbýl svæði eða þéttbýli (e. densely populated area) eru þau landsvæði sem hafa að minnsta kosti 1.500 íbúar á hvern ferkílómetra og mannfjöldi er að minnsta kosti 50.000. *Strjálbýl svæði eða miðlungsbéttbýl svæði (e. thinly populated area or intermediate area)*, nefnd *dreifbýli* í skýrslunni, eru svæði sem hafa færri ábúendur en 300 og mannfjölda undir 5.000.

Tafla 2

Áætlaður fjöldi íslenskra heimila með börn á aldrinum 1–15 ára eftir árum.

Ár	Fjöldi	Staðal-villa	Neðri mörk	Neðri mörk	Efri mörk
2009	Þéttbýli	26276	1015	24869	27683
2009	Strjálbýl svæði eða miðlungsbéttbýl svæði	15267	752	14224	16310
2014	Þéttbýli	26279	1076	24788	27769
2014	Strjálbýl svæði eða miðlungsbéttbýl svæði	14403	750	13363	15443
2018	Þéttbýli	27715	1294	25922	29508
2018	Strjálbýl svæði eða miðlungsbéttbýl svæði	16138	1000	14751	17525

Menntun foreldra (e. parent education)

Menntun foreldra byggir á hæsta menntunarstigi foreldra samkvæmt ISCED-flokkuninni. Menntunarstig eru tekin saman í tvo flokka; *háskólanám* (e. tertiary) og *ekki háskólanám* (e. upper secondary or lower). Háskólanám samsvarar ÍSMENNT 2011 flokkum 5 og yfir, á meðan ekki háskólanám samsvarar ÍSMENNT 2011 flokkum 4 og undir (sjá ÍSMENNT 2011).

Samkvæmt EU-MODA á breytan að meta menntun helsta *umönnunaraðila*, sem jafnan er álitinn vera móðir barns. Í úrvinnslu var breytan búin til á þann hátt að ef móðir er á heimili barns er menntun hennar látin standa fyrir menntun foreldra, en ef einungis er faðir á heimilinu er menntun hans látin standa fyrir menntun foreldra. Ef móðir er sannarlega á heimilinu en upplýsingar um menntun hennar vantar er menntun föður látin standa fyrir menntun foreldra.

Rétt er að benda á að í sumum tilvikum er foreldri barns ekki skráð á sama heimili og barnið. Í þeim tilvikum er ekki hægt að ákvarða menntun foreldra og þeim börnum því sleppt þegar skortur er metinn eftir þessari bakgrunnsbreytu.

Fjöldi á heimili með erlendan bakgrunn (e. number of migrants in household)

Talning á heimilisfólki með erlendan bakgrunn byggir á því hvort á heimilinu séu einstaklingar eldri en 16 ára sem hafi fæðst utan Íslands. Börn undir 16 ára aldri eru ekki talin með þar sem fæðingarland er almennt ekki skilgreint nema fyrir fullorðna.

Fjöldi barna á heimili (e. number of children in household)

Talning á börnum á heimili byggir á fjölda barna á aldrinum 0–15 ára. Þetta þýðir að börn undir 1 árs eru talin með þó að börn á þessum aldri séu ekki tekin með í skortsgreiningu EU-MODA.

Staða á húsnæðismarkaði (e. housing tenure)

Staða heimilis á húsnæðismarkaði skilgreinist af því hvort ábúendur leigi húsnæði sitt eða búi frítt (e. rented accommodation (or other)) annars vegar, eða eigi húsnæði sitt að fullu eða að hluta (e. owned accommodation), hins vegar.

Fjöldi foreldra á heimili (e. number of parents in household)

Talning foreldra á heimilum byggir á fjölda fullorðinna einstaklinga sem deilir heimili með barni á aldrinum 0–15 ára og er skráð sem foreldri barns á þessum aldri. Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar geti verið fleiri en tveir.

Atvinnuþátttaka (e. work intensity) á heimili

Samkvæmt skilgreiningu Eurostat er atvinnuþátttaka hlutfall þeirra mánaða sem heimilisfólk á vinnualdri (16–64), að undanskildum námsmönnum á aldrinum 18–24 ára, eru starfandi yfir árið af öllum þeim mánuðum sem þeir gætu verið starfandi. Breytan er þannig vísir á það hvort allt heimilisfólk vinni alla mánuði ársins eða minna sem hlutfall af heildarvinnugetu þeirra (12* fjöldi heimilisfólks).

Vegna þess að töluvert brottfall er á þessari breytu við gagnasöfnun var vinnumagn einstaklinga tilreiknað á grundvelli kyns og aldurs. Eftir standa þó nokkur vöntunargildi á heimilum barna sem eiga foreldra sem eru í námi, eða búa hjá fullorðnum sem eru ekki á vinnualdri (báðir hópar eru undanskildir vinnumagnsmælingum). Í úrvinnslu er breytan tvískipt: í heimili þar sem heimilisfólk vinnur að minnsta kosti helming hugsanlegs vinnutíma og heimili þar sem heimilisfólk vinnur minna en helming hugsanlegs vinnutíma.

Skortmælingar

Við vinnslu skortmælinga var farið nákvæmlega eftir fyrirmælum í EU-MODA Technical Note. Þar finnast þó tilvik þar sem fyrirmæli eru ekki nákvæm. Í þeim tilvikum þurfti að beita dómgreindarmati og samanburði við útgefnaðar tölur frá 2009 til þess að meta nákvæma aðgerðabindingu mælinga.

Næring

Næringarvíddin inniheldur annars vegar öll börn á heimilinu fá að minnsta kosti eina kjöt- eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð á hverjum degi. Hins vegar öll börn á heimilinu fá ávexti eða grænmeti daglega. Öll börn á heimilinu eru talin skorta næringu ef foreldri svarar annarri hvorri spurningunni neitandi.

Fatnaður

Fatavíddinn inniheldur tvö atriði annars vegar öll börn á heimilinu hafa fengið ný föt, það er föt sem enginn annar hefur átt. Hins vegar öll börn á heimilinu eiga að minnsta kosti tvö pör af skóm sem passa. Öll börn á heimilinu eru talin skorta fatnað ef foreldri svarar annarri hvorri spurningunni neitandi.

Leikskóli og umönnun

Leikskóla- og umönnunarvíddin er búin til á þann hátt að gengið er út frá því að öll börn á aldrinum 1–2 ára séu í umsjá foreldra sinna og geti þannig samkvæmt skilgreiningu ekki liðið skort á þessari vídd. Rétt er samt að taka fram að orðalag í EU-Technical Note er óskýrt hvað þetta varðar. Það er að segja að óljóst er hvort eigi að undanskilja þennan aldurshóp alveg frá greiningunni eða taka hann með og þá með því skilyrði að þau líði engan skort. Hér er lagt það dómgreindarmat að taka þau með á ofangreindum forsendum til þess að gæta samræmis í aldurshópi barna á grunnskólaaldri.

Fyrir börn á aldrinum 3–5 ára inniheldur víddin sex atriði; það er hvort barnið sé í:

- 1) Leikskóla (e. preschool).
- 2) Á dagvistunarstofnun (e. at centre based services).
- 3) Vistað í dagvistun (e. day-care center).
- 4) Sé hjá dagforeldri (e. professional child-minder at child's home or at child-minder's home).
- 5) Njóti umönnunar hjá ættingja eða fjölskylduvina (e. grand-parents, other household members, other relatives, friends or neighbours).
- 6) Sé í grunnskóla (e. elementary school).

Spurt er um hvert og eitt barn. Barn líður skort á þessari vídd ef það er minna en einn klukkutíma í viku á leikskóla eða í annarri dagvistun.

Proski

Proskavíddin (e. child development) fyrir börn á aldrinum 1–5 ára er metin með fimm atriðum:

- 1) Hvort til séu bækur sem hæfa aldri þeirra á heimilinu (e. the availability of books at home suitable for their age (“books at home”)).
- 2) Hvort til séu leikföng, spil, tölvuleikir eða aðrir hlutir til að leika sér með innandyra (e. the availability of indoor games).
- 3) Hvort til séu leiktæki, leikföng eða íþróttabúnaður til að vera með utandyra (e. the availability of outdoor leisure equipment).
- 4) Hvort tækifæri gefist til að halda upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi allra barna á heimilinu (e. opportunities to celebrate special occasions).
- 5) Hvort öll börn á heimilinu geti boðið heim vinum (e. and have friends around to play from time to time (“social activities”)).

Rétt er að benda á að birtar niðurstöður benda til að þessi vídd innihaldi bara bækur sem hæfa aldri þeirra á heimilinu (miðað við súlurit á heimasíðu EU-MODA). Samkvæmt EU-MODA Technical Note er hins vegar ljóst að viddin á að innhalda öllu þessi fjögur atriði. Öll börn á heimilinu eru talin skorta tækifæri til þroska ef foreldri svarar einhverri spurningunni neitandi.

Aðgengi að upplýsingum

Upplýsingavídd er metin með tveimur atriðum:

- 1) Hvort tölva sé á heimilinu (e. do you have a computer).
- 2) Hvort á heimilinu sé internet-tenging til persónulegrar notkunar (e. internet connection for personal use at home).

Húsnæði

Húsnæðisvíddin er metin með þremur atriðum:

- 1) Þröngbýli (e. overcrowding).
- 2) Margþættum húsnæðisvanda (e. multiple housing problems).
- 3) Hvort hreinlætisaðstaða sé til staðar (e. water and sanitation).

Þröngbýli er reiknað út frá fjölda herbergja og fjölda og samsetningu heimilisfólks. Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12–17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri.

Margþættur húsnæðisvandi er metinn út frá því hvort raki sé til staðar í húsnæði (e. leaking roof, damp walls/floors/foundation, or rot in window frames or floor) og hvort birta sé nægileg (e. too dark – not enough light). Hreinlætisaðstaða er metin á grundvelli þess hvort salerni sé til staðar innandyra á heimili og hvort sturta eða bað sé í húsnæðinu.

Aðstaða til náms

Námsviðinn er metinn með tveimur atriðum; þ.e. hvort börn á grunnskólaaldri hafi tækifæri til:

- 1) Þátttöku í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga.
- 2) Aðstöðu til heimanáms á heimilinu.

Börn á grunnskólaaldri á heimilinu eru talin skorta aðstöðu til náms ef foreldri svarar annarri hvorri spurningunni neitandi.

Afþreying

Afþreyingarviðinn fyrir börn á aldrinum 6–15 ára er metinn með fjórum atriðum:

- 1) Hvort til séu bækur sem hæfa aldri þeirra á heimilinu (e. the availability of books at home suitable for their age (“books at home”)).
- 2) Hvort til séu leikföng, spil, tölvuleikir eða aðrir hlutir til að leika sér með innandyra (e. the availability of indoor games).
- 3) Hvort til séu leiktæki, leikföng eða íþróttabúnaður til að vera með utandyra (e. the availability of outdoor leisure equipment).
- 4) Hvort öll börn á heimilinu stundi íþróttir, tónlist eða annað barna- eða unglingastarf (e. sports and extra curricular activities).

Rétt er að taka fram að samkvæmt EU-MODA Technical Note ætti íþróttar-, tónlistar- eða annað barna- eða unglingastarf ekki að vera með í afþreyingarviðinni. Samkvæmt útgefnum tölum virðist þetta atriði þó hafa verið tekið með í viðdina. Öll börn á heimilinu eru talin skorta afþreyingu ef foreldri svarar einhverri spurningu neitandi.

Félagslíf

Félagsviðinn fyrir börn á aldrinum 6–15 ára er metinn með tveimur atriðum:

- 1) Hvort tækifæri gefist til að halda upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi allra barna á heimilinu (e. opportunities to celebrate special occasions).
- 2) Hvort öll börn á heimilinu geti boðið heim vinum (e. and have friends around to play from time to time (“social activities”)).

Öll börn á heimilinu eru talin skorta félagslíf ef foreldri svarar annarri hvorri spurningunni neitandi.

Úrvinnsla

Í úrvinnslu eru gögn vigtuð með einstaklingsvog. Þetta þýðir að farið er með gögnin eins og einstaklingsgögn barna. Hins vegar er ljóst að við túlkun þarf að hafa í huga að spurningarnar vísa flestar til heimilisins. Til dæmis er ekki spurt um hvert og eitt barn nema í undantekningartilvikum (t.d. um dagvistun). Þetta þýðir að túlkun niðurstaðna skal orða þannig: „XX fjöldi barna kom frá heimilum þar sem eitthvert barn leið skort“.

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. „Tíminn eftir skóla skiptir líka máli: Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla“. *Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun* (2009). Sótt 15. júlí 2020 af <http://netla.hi.is/greinar/2009/010/index.htm>.
- Brooker, Liz og Woodhead, Martin eds.. „The Right to Play“. *Early Childhood in Focus*, (2013): 9, Milton Keynes: The Open University with the support of Bernard van Leer Foundation.
- Chzhen, Y., Bruckauf, Z. og Toczydłowska, E. (2018). „Monitoring progress towards sustainable development: Multidimensional child poverty in the European Union“. *Journal of Poverty and Social Justice*, 26(2), (2018): 129-150. <https://doi.org/10.1332/175982718X15154249173514>.
- de Neubourg C., Chai, M de Milliano, I. Plavgo and Z. Wei. Step-by-Step Guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA), Working paper 2012-10. UNICEF Office of Research, 2012.
- Dóra Guðmundsdóttir, Bryndís Björg Ásgeirsdóttir, Huppert, F. A., Inga D. Sigfúsdóttir, Unnur A. Valdimarsdóttir og Arna Hauksdóttir. „How does the economic crisis influence adolescents' happiness? Population-based surveys in Iceland in 2000-2010“. *Journal of Happiness Studies*, 17, (2015): 1219-1234. <https://doi.org/10.1007/s10902-015-9639-3>.
- Gerður Gústavsdóttir og Valrós Sigurbjörnsdóttir. „Tómstundir barna með sérþarfir“. *Fagfímaritið Glæður*, 18, (2008): 47-48, Félag sérkennara á Íslandi.
- Helga Jóhanna Stefánsdóttir. „Daglegt líf fatlaðra barna: Fjölskylda, skóli og frístundir“. MA ritgerð, Háskóli Íslands, 2010.
- Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir. *Sérfræðihópur fatlaðra barna: Samantekt úr umræðum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2019. Sótt 1. júlí 2020 af https://www.barn.is/media/skyrslur/serfraedihopar_fatladra_barna_ub.pdf
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Brynja Elísabeth Halldórsdóttir og Ester Helga Líneyjardóttir. „Viðhorf til samþættingar skóla- og frístundastarfs í fjölmenningskóla“. *Tímarit um menntarannsóknir*, (2014): 110-132, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 15. júlí 2020 af https://www.researchgate.net/publication/309617146_Vidhorf_til_samthaettingar_skola_og_fristundastarfs_i_fjolmenningarskola.
- Lovísa Arnardóttir. *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*. Reykjavík: UNICEF á Íslandi, 2016.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Erla María Tölgyes, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Þorfinnur Skúlason, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. Ánægja í íþróttum 2020: Niðurstöður rannsóknar á meðal grunnskólanema í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi 2020. *Rannsóknir og greining*, (2020): 19 - 25. Sótt 15. júlí 2020 af https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/heild_an_herada__1_.
- Pétur Hjörvar Þorkelsson. „Flóttabörn og frítíminn: Félagsauður og hlutverk frítímastarfs“. MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2017.
- Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir. Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Reykjavík: MIRRA, 2008. Sótt 15. júlí 2020 af http://www.mirra.is/Innan_vallar_eda_utan.pdf.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. „Skilgreining á hugtakinu tómstundir“. Ritrýnd grein birt 31. desember 2010. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*.
- UNICEF Office of Research – Innocenti. (e.d.) EU-MODA Database. Sótt af http://dataforall.org/dashboard/eumoda_adj/index.php/.
- UNICEF. *A world ready to learn: Prioritizing quality early childhood education*. New York: UNICEF, 2019.

Fyrir öll börn

Hver sem hún er.
Hvar sem hann er.
Öll börn eiga rétt á barnæsku.
Á framtíð.
Á jöfnum tækifærum.
Þess vegna er UNICEF til staðar.
Fyrir hvert einasta barn.
Að nóttu sem og degi.
Í yfir 190 löndum
Við náum til þeirra
sem erfiðast er að ná til.
Sem lengst eru frá björginni.
Sem oftast eru skilin eftir og útilokuð.
Þess vegna erum við til staðar
allt til enda og við gefumst aldrei upp.



fyrir öll börn

Útgefið af UNICEF á Íslandi
Laugavegi 77
101 Reykjavík
S: 552 6300
unicef@unicef.is

Vefur: unicef.is